


# - LÖGREGLU - MAÐURINN

2. tbl - 2008

- LÖGREGLU -
# MAÐURINN
2. tölublað - 24. árgangur 2008 - 63. blað



Ritstjóri:
Steinar Adolfsson



Ábyrgðarmaður:
Snorri Magnússon
formaður LL



Starfsmenn LL:

Steinar Adolfsson
framkvæmdastjóri



Stefanía Vigfúsdóttir
skrifstofustjóri

Prófförk:
Atli Steinn Guðmundsson

Forsíðumynd:
Ljósmynd: Júlíus Sigurjónsson

Lögreglumaðurinn
er gefinn út af Landssambandi
lögreglumanna

Netfang ll@bsrb.is

www.ll.bsrb.is



## Efnisyfirlit







29. þing LL í Munaðarnesi 4

Hvers virði erum við? 8

Er þörf á félagsráðgjafa? 12

Eitt lögreglulið 16

Sumarferð lífeyrisþegadeildar 21

Um 106. gr. alm. hgl. 22

Ferðasaga 30

Íþróttir 34

## Efni til birtingar í Lögreglumanninum

- Aðsendar greinar sem birtar eru í blaðinu skulu merktar höfundi. Greinin lýsir skoðun höfundar en ekki stjórnar LL.
- Forðist skammstafanir
- Sendið gjarnan með myndir, stafrænar myndir eiga að vera í jpg formati.
- Vinsamlega látið fylgja með stöður, nafn, fastanúmer ef um lögreglumenn er að ræða, vinnustað, heimili og GSM númer sem hægt er að ná í viðkomandi.
- Ritstjóri fer í gegnum allt aðsent efni. Að þeirri vinnu lokinni fær sendandi að vita hvort efnið birtist í blaðinu eða ekki.
- Samþykkt efni verður ritstýrt á þann hátt að það passi við efnið sem ætlast er til að birtist í blaðinu.
- Leyfi til birtingar efnis úr blaðinu er einungs veitt sé þess getið hvaðan það er fengið.

# Formannshornið



*Í síðasta pistli mínum kom ég inn á ástand, sem var að skapast í efnahagsmálum þjóðarinnar. Ég ræddi einnig um aukið álag á lögreglumenn. Ástandið hefur nokkuð breyst frá því þau orð voru rituð. Ástandið hefur breyst til hins verra svo munar mjög miklu! Álag hefur enn aukist á lögreglumenn og allt útlit er fyrir, m.v. fregnir af fjárhagsstöðu lögregluembættanna um landið – og m.a. hefur verið fjallað um í fjölmiðlum – að það eigi enn eftir að aukast. Hér á ég sérstaklega við fréttir af yfirvofandi uppsögnum lögreglumanna sem eina leið til lausnar þeim vanda sem við embættunum blasir. Það er vonandi að þessari þróun hafi verið snúið við þegar þessi orð birtast á prenti. Það er hinsvegar ekki mikil ástæða til bjartsýni þegar þau eru skrifuð. Ofan á þetta koma síðan fregnir af árásum á lögreglumenn við skyldustörf sín í þágu lands og þjóðar.*

*Lögreglan hefur undanfarin misseri gengið í gegnum mestu breytingar, sem gerðar hafa verið á löggæslu á Íslandi um langa hríð. Flestir lögreglumenn eru því sammála að breytinganna var þörf og langflestir höfðu til þeirra miklar væntingar enda var ýtt undir þær í aðdraganda sameiningarinnar. Mjög margir lögreglumenn eru nú þeirrar skoðunar að þó nokkur hluti breytinganna hafi ekki gengið sem skyldi vegna ónógra fjárveitinga til embættanna í upphafi breytingaferlisins. Skýr markmið voru sett um aukna sýnilega löggæslu, hraðari og skilvirkari rannsóknir mála svo eitthvað sé nefnt. Löggæsla skyldi efld um land allt, engum lögreglustöðvum yrði lokað og engir lögreglumenn skyldu missa vinnu sína, áunnin réttindi eða kjör. Þessi markmið eru í uppnámi vegna skorts á fjárheimildum. Metnaðarfull löggæsluáætlun fyrir árin 2007 – 2011 hefur verið kynnt af dómsmálaráðherra. Boðaðar hafa verið frekari breytingar á þeim grunni sem þegar hefur verið lagður. Sátt verður ekki um slíkar breytingar nema nægar fjárveitingar verði tryggðar til reksturs embættanna. Metnaðarfullar áætlanir og markmið eru í uppnámi.*

*Það þarf að taka pólitískar ákvarðanir um hvert þjónustustig lögreglunnar í landinu á að vera. Það þarf að taka pólitískar ákvarðanir um hver fjöldi lögreglumanna á að vera í landinu til að halda úti því þjónustustigi. Það þarf að taka um það pólitískar ákvarðanir hvernig lögreglan skuli uppbyggð. Það þarf að hafa kjark og þor til að ræða þessa hluti opinskátt og án allra talnaleikja. Það er stjórnvalda þessa lands að sýna það og sanna að þeim markmiðum og áætlunum sem sett hafa verið verði hrint í framkvæmd af myndugleik. Það er stjórnvalda að sýna það í verki að þetta verði ekki bara innantóm orð og markmið án eftirfylgni og nauðsynlegra fjárveitinga til að hrinda þeim í framkvæmd.*

*Á sama hátt og bifreiðum lögreglu verður ekki ekið á tómum bensíntönkum geta lögreglumenn ekki rekið heimili sín á þeim lúsarlaunum sem þeim eru skömmtuð. Orð Jóns Borgfirðings í bréfi sem hann ritaði 1. september 1875: „Ég ætti nú að fara að hætta þessu þursastarfi, eins og Árni (Gíslason), sem sagði af sér, en bera vatn og mó, því þá hafa krakkarnir í sig og á.“ segja ýmislegt um stöðu mála þess tíma. Þessi staða virðist ekki hafa breyst mikið þegar horft er til okkar tíma og þeirrar staðreyndar að grunnlaun nýútskrifaðs lögreglumanns eru rétt rúmum þrjú þúsund krónum hærri en grunnlaun leiðbeinenda hjá Íþrótta- og tómstundaráði Reykjavíkur. Því miður er mörgum lögreglumanninum svipað innanbrjósts í dag og Jóni heitnum Borgfirðingi var þegar hann skrifaði bréf sitt. Starfsandi í lögreglu hefur liðið vegna alls þess sem að ofan er talið. Taka þarf á þessum málum, áður en farið verður út í frekari breytingar á skipulagi löggæslu í landinu. Hér þarf að lyfta Grettistaki. Lykillinn að árangri er samstaða og samvinna þeirra sem koma að þessum málum!*

# Ritstjórapistill



*Ljóst er að spennandi tímar fara nú í hönd hjá lögreglumönnum. Kjarasamningsviðræður eru hafnar og mikilvægt er fyrir stéttina í heild og reyndar allt þjóðfélagið að viðunandi niðurstaða náist svo unnt sé að tryggja nauðsynlega löggæslu í landinu á næstu árum. Við sem erum mitt í hringiðunni vitum að margir lögreglumenn bíða eftir niðurstöðunni með það í huga að gera upp hug sinn varðandi framtíð sína í starfi. Dómsmálaráðherra hefur sent frá sér minnisblað varðandi endurskoðun á lögreglulögum og óskað umsagnar frá hagsmunaaðilum þ.á.m. Landssambandinu. Ráðherra hefur sagt að hann vilji með þessu fyrst og fremst skapa umræðu um lögregluna og kanna hug manna til næstu skrefa þrátt fyrir að stutt sé síðan lögreglan gekk í gegnum gríðarlegar breytingar með fækkun embætta sem tóku gildi þann 1. janúar 2007 sem kunnugt er. Í minnisblaðinu eru margir athygliverðir hlutir s.s. frekari fækkun embætta, alger aðskilnaður lögreglustjórnar og sýslumannshlutans, möguleikar fyrir lögreglumenn að komast til æðstu metorða innan lögreglu og verða lögreglustjórar svo einhver atriði séu nefnd. Forvitnilegt verður að sjá hvaða viðbrögð koma frá hagsmunaaðilum því leiða má að því líkum að ráðherra komi fram með frumvarp á næsta löggjafarþingi þar sem færðar verða í lagabúning hugmyndir í þeirri mynd sem settar eru fram nú, allt eftir því hvaða viðbrögð minnisblaðið fær. Í umsögn sinni mun LL nú sem fyrr, kappkosta að standa vörð um réttindi lögreglumanna í hvívetna.*

*Að lokum vil ég nota þetta tækifæri til að hvetja lesendur blaðsins til að láta í ljósi skoðanir sínar á efni blaðsins, koma á framfæri ábendingum um atriði sem betur mættu fara og ekki síst að skrifa greinar sem ætlaðar eru til birtingar í blaðinu.*




# 29. þing LL í Munaðarnesi

## dagana 29. apríl til 1. maí 2008

**Í lok apríl sl. var 29. þing LL háð í Munaðarnesi í Borgarnesi. Upphaflega var fyrirhugað að þingið yrði í byrjun apríl en vegna þess að fram kom annar framboðslisti en listi uppstillingarnefndar var nauðsynlegt að færa þingið til vegna frestákvæða í lögum LL.**

Mikil vinna var innt af hendi af starfsmönnum skrifstofu og fráfarandi framkvæmdastjórnarmönnum í aðdraganda þingsins enda í mörg horn að líta fyrir slíkan viðburð. Óhætt er að segja að Stefanía hafi haft skipulag þingsins að mestu leyti á sinni könnu enda komið að slíkum undirbúningi allt frá árinu 1991 er þing LL var háð í Vestmannaeyjum. Vissulega er dagskrá og viðfangsefni þingsins í föstum skorðum en huga þarf að röðun þingfulltrúa í hús, panta mat og fleira og fleira og ...

## Ályktanir þingsins:

„29. þing Landssambands lögreglumanna krefst þess að öllum lögreglumönnum verði útvegað Taser valdbeitingartæki sem allra fyrst.“

Greinargerð
Að mati þingsins er það með öllu ólíðandi að slysatíðni lögreglumanna á Íslandi sé hærri en gengur og gerist í nágrannalöndum okkar. Taser valdbeitingartækið er sennilega mest rannsakaða valdbeitingartækið sem notað er af lögreglu í dag og því er ekki þörf á því, að mati þingsins, að tefja málið með frekari skoðunum. Á meðan á þessu ferli stendur eru lögreglumenn að slasast við skyldustörf sín nær daglega.

Framkvæmdastjórnin og framkvæmdastjóri lögðu nótt við dag til að ljúka skýrslu stjórnar en auk okkar komu ýmsir trúnaðarmenn sambandsins að gerð hennar. Allt hafðist þetta að lokum og á mánudeginum 28. apríl var leigður sendibíll undir gögn og allt það sem taka þurfti með upp í Munaðarnes. Kvöldið var svo notað til að gera þingsalinn kláran. Nokkrir þingfulltrúar og fráfarandi stjórnarmenn skiluðu sér strax um kvöldið og var margt skrafað en síðan gengið til náða um miðnættið enda annasamur dagur fram undan.

Að loknum morgunverði á þriðjudeginum streymdu þingfulltrúar á svæðið og kl. 10:00 setti Sveinn Ingiberg þingið en síðan tók forseti þingsins, Jónas Magnússon, við stjórninni og stýrði hann þinginu með miklum glæsibrag. Yfirskrift þingsins var „Með lögum skal land byggja“ en hugmyndin að nafngiftinni kom frá Gissuri Guðmundssyni og þótti hún táknræn fyrir mikilvægi öflugrar lögreglu sem grunnstoð samfélagsins og góð áminning til stjórnvalda í aðdraganda kjarasamninga.

Að loknu nafnakalli þingfulltrúa voru kjörbréf lögð fram til úrskurðar og kosning starfsmanna þingsins fór fram. Alls voru 29 atkvæðabærir þingfulltrúar en heildarfjöldi þingfulltrúa var 52. Varaforseti var kosinn Magnús Einarsson, ritari var Frímann Baldursson og vararitari var Guðmundur Fylkisson. Í nefndanefnd voru kosin Guðmundur Fylkisson, Jón Halldór Sigurðsson og Tryggvi Kr. Ólafsson. Í allsherjarnefnd voru kosin Þórir Steingrímsson, Brynhildur Björnsdóttir og Kristján Örn Kristjánsson. Í starfskjaranefnd voru kosin Hjálmar Hallgrímsson, Óskar Þór Guðmundsson, Þórir Ingvarsson, Gissur Guðmundsson og Tinna Jóhönnudóttir. Í fjárhagsnefnd



voru kosin Aðalbergur Sveinsson, Aðalsteinn Júlíusson og Vilhjálmur Árnason. Í laganefnd voru kosin Hermann Karlsson, Erna Sigfúsdóttir og Loftur Kristjánsson og í uppstillingarnefnd voru kosnir Snorri Magnússon, Höskuldur B. Erlingsson og Geir Jón Þórisson.

Sveinn Ingiberg flutti skýrslu stjórnar en einnig komu að flutningnum aðrir stjórnarmenn. Var skýrslan ítarleg og greinargóð um starfsemi LL á kjörtímabilinu. Þingfulltrúar sem tóku til máls lýstu mikilli ánægju með skýrsluna og það mikla og góða starf sem unnið hefur verið á tímabilinu og þökkuðu stjórnarmönnum fyrir þeirra framlag fyrir félagsmenn LL. Að þessu loknu voru skýrsla stjórnar og reikningar samþykkt af þingfulltrúum.

Næsti dagskrárliður var framlagning tillagna sem lágu fyrir þinginu en tvær tillögur um lagabreytingar höfðu komið fram. Annars vegar tillaga frá stjórn og síðan tillaga sett fram af Þóri Steingrímssyni, Snorra Magnússyni og Ingólfi Bruun en finna má skjölin á heimasíðu LL http://ll.bsrb.is/.

Hermann Karlsson, varaformaður LL, gerði grein fyrir tillögu stjórnar en Þórir fyrir seinni tillögunni. Nokkrar umræður urðu um lagatillögurnar en að þeim loknum var tillögunum vísað til laganefndar til umfjöllunar auk þess sem aðrar nefndir tóku til starfa.

**Helstu atriði í lagatillögu stjórnar voru:**

- breyting varðandi aðild að LL og deildum sem byggir á að lögreglumenn verði aðilar að LL við að hefja störf í lögreglu og njóti þar með allra réttinda án sérstakrar umsóknar þar um enda byggir aðildin fyrst og fremst á greiðslu samningsréttargjaldsins sem gerist sjálfkrafa er menn hefja störf.
- breyting varðandi réttindi og skyldur félagsmanna þar sem áréttað var að réttur fullgilds félaga til áhrifa á stefnu LL er óháður aðild hans að svæðisdeild.
- breyting varðandi hlutverk svæðisdeilda og trúnaðarmanna og deildunum falið að standa fyrir kosningu fulltrúa svæðisins í stjórn LL.
- breyting varðandi fjármál sem byggir á að opna á heimild fyrir landssambandsþing til að setja þak á iðgjöld félagsmanna, að fengnum tillögum fjárhagsnefndar.
- breyting varðandi stjórn LL sem byggir á að hafa sérstakt formannskjör og að allir kjörgengir einstaklingar innan LL geti verið í framboði. Þá var

## *Ályktanir þingsins:*

„XXIX þing Landssambands lögreglumanna haldið í Munaðarnesi 29. apríl til 1. maí 2008 ályktar að nú þegar verði farið í það að endurskoða fjárveitingar til lögregluembætta í samræmi við sanna fjárþörf embættanna.“

Greinargerð

Lögreglumenn eru sammála um að fjárveitingar sem ætlaðar eru lögregluembættunum eru í engu samræmi við þær skyldur sem á þau eru lagðar. Minni fjárheimildir en raunverulega þarf til reksturs lögreglu til að halda uppi viðunandi þjónustu- og öryggisstigi gagnvart þegnum landsins ógna öryggi borgaranna og skapa falskt öryggi. Þingið styður baráttu lögreglustjórans á Suðurnesjum fyrir leiðréttingu á fjárveitingu til þessa annars stærsta lögregluembættis landsins.

olís

Pizzeria Rizzo

PARKET & GÓLF

PRENTSMIÐJAN stapaprent
GRÓFIN 13c - KEFLAVÍK - SÍMI 421 4388
stapaprent@simnet.is





fyrir skv. lögum nr. 94/1986 eigi rétt á að vera félagsmenn LL.

- breytingar varðandi trúnaðarmannaráð sem byggir á aukinni áherslu á „móðurhlutverk“ LL.
- breytingar varðandi stjórn LL sem byggir á að fækka stjórnarmönnum úr 15 í 10, þannig að stjórnina skipi formaður, 4 meðstjórnendur og 5 varastjórnendur.
- breyting varðandi uppstillingarnefnd sem byggir á tilteknu vinnulagi uppstillingarnefndar og að hvorki „listakosning“ né „kvótaskipting“ verði í stjórnarkjöri.
- breyting varðandi framkvæmd stjórnarkjörs sem byggir á að gerður er reginmunur á framboði og tillögu uppstillingarnefndar og einnig að opna fyrir kosningu með rafrænum hætti.
- breyting varðandi samþykkt kjarasamninga sem byggir á að atkvæðagreiðslan geti farið fram með netkosningu.

jafnframt horfið frá því fyrirkomulagi að hafa aðal- og varastjórn.

- breyting varðandi uppstillingarnefnd sem byggir á að fella ákvæði um nefndina í burtu og fela svæðisdeildunum alfarið það vald og ábyrgð að velja stjórnarmenn LL.
- breyting varðandi stjórnarkjör sem byggir á að fella ákvæðið út enda óþarft ef tillaga um niðurlagningu uppstillingarnefndar yrði samþykkt.

**Helstu atriði í lagatillögu Þóris, Snorra og Ingólfs voru:**

- breytingar varðandi aðild að LL sem byggir á að allir er starfa við lögreglustjörf og LL semur

Nokkur umræða var á meðal þingfulltrúa frá Suðurnesjum um að svæðisdeildirnar fari með tiltekið lögbundið hlutverk vegna kjaramála en að allt samningsréttargjaldið fari til reksturs LL. Í ljósi valfrelsis lögreglumanna til aðildar að svæðisdeild veltu þeir upp hvort rétt væri að eyrnamerkja tiltekið hlutfall gjaldsins svæðisdeildunum. Í framhaldi af þessu lögðu Jón Halldór Sigurðsson, formaður Lögreglufélags Suðurnesja, og Guðjón St. Garðarsson fráfarandi stjórnarmaður LL og trúnaðarmaður á Suðurnesjum fram lagabreytingartillögu sem miðaði að slíkri breytingu þar sem LL greiði til deilda sem nemur 1/6 hluta af félagsgjaldi á hvern félagsmann sem starfar á viðkomandi félagssvæði.

Um kl. 19:00 var síðan borðaður kvöldmatur en að honum loknum héldu nefndastörf áfram fram eftir kvöldi.

Á miðvikudeginum hófust þingsstörf að nýju með afgreiðslu nefndaálita. Laganefnd lagði fram breytingartillögu sem tók mið af umræðum þingfulltrúa sem voru fylgjandi tillögum stjórnar. Tillaga um að hluti félagsgjalda yrði greiddur til svæðisdeildanna var borin undir atkvæði en var felld af þingfulltrúum. Helsta breytingin frá framangreindum tillögum stjórnar sem samþykktar voru var að fjöldi stjórnarmanna á næsta kjörtímabili verður 16 þar sem formaður er oddamaður og óháður svæðisdeild. Þá var einnig samþykkt tillaga um heimild til að samþykkja kjarasamninga með rafrænum hætti. Alls var um breytingar á 11 greinum að ræða, sjö þeirra samþykktar samhljóða en fjórar með mótatkvæðum þar sem flest mótatkvæði voru alls fjögur talsins!

Umboðsmaður Taser-rafbyssunnar á Íslandi kynnti tækið fyrir þingfulltrúum. Fór hann ítarlega í gegnum virkni tækisins, rannsóknir sem tengjast ætlaðri skaðsemi þess, tölfræðiupplýsingar um fækkun slysa á lögreglumönnum sem og á þeim sem beittir eru tækinu (með hliðsjón af öðrum valdbeitingartækjum lögreglu) og aukinni útbreiðslu tækisins hjá erlendum löggæsluyfirvöldum. Þótti þingfulltrúum kynningin mjög gagnleg og upplýsandi.

Næsta mál var umfjöllun um tillögur fjárhagsnefndar og gerði Aðalsteinn Júlíusson grein fyrir þeim. Kom þar fram að nefndin gerði tvær tillögur. Annars vegar þá að lögreglumenn greiði að hámarki kr. 75.000 til LL á ári og hins vegar að formanni LL verði gert kleift að starfa að lágmarki í 50% starfi hjá sambandinu

## *Ályktanir þingsins:*

XXIX. þing Landssambands lögreglumanna í Munaðarnesi 29. apríl – 1. maí 2008 fagnar áfangaskýrslu nefndar um mat á breytingum á nýskipan lögreglu og væntir að málum verði fylgt reglulega eftir með skýrslum sem þessari og niðurstöður þeirra verði notaðar í fullri samvinnu stjórnenda og starfsmanna. Þannig hefur lögreglan í landinu meiri burði til að bæta traust almennings á störfum sínum. Traust almennings til lögreglu er mikið. Þing LL lýsir ánægju með niðurstöður könnunar á trausti almennings til lögreglunnar. Traust eykst milli kannana og sýnir það hug almennings á störfum lögreglu sem oft þarf að leysa úr vandasömum málum.

Þá fagnar þingið stefnu RLS í starfsmannamálum, s.s. gerð jafnréttisáætlunar, starfsmannaviðtölum o.þ.h. sem einstök lögregluembætti eru þegar farin að vinna eftir. Kallað er eftir gegnsæi, þ.e. að starfsmenn verði betur upplýstir um stöðu sína innan embættanna. Þingið hvetur lögreglumenn og yfirmenn löggæslumála til að beita sér fyrir að trúnaðarmannakerfi verði komið á innan starfsstöðva allra lögregluembætta til að bæta kjör, starfsumhverfi og aðstöðu lögreglumanna.

Þó telur þingið að persónubundin þekking sé ekki nægilega metin að verðleikum innan lögreglu. Sérþekking lögreglumanna á sérstökum málaflokkum er misjöfn. Til að halda í þekkingu þarf að bæta launakjör þeirra sem velja sér starf í lögreglu sem ævistarf og efla þekkingu sína. Bregðast mætti við flótta reynsluríkra lögreglumanna úr stéttinni með því að tekjutengja sérfræðiþekkingu þeirra. Huga ber að því hvort leggja beri lögfræðimenntun lögreglustjóra til jafns við stjórnunarreynslu innan lögreglu og stjórnunarmenntun við val á lögreglustjórum. Yrði það í samræmi við þróun annars staðar á Norðurlöndunum.

og fái laun frá LL sem samsvari tekjutapi hans hjá vinnuveitanda.

**Þá setti nefndin einnig fram breytingartillögur við fyrirliggjandi fjárhagsáætlun:**

- launagreiðslur til framkvæmdastjórnar falli niður og verði notaðar sem fjármögnun vegna launakostnaðar í tengslum við formann.
- hækkun um 50.000 á framlagi til NBNP (samtaka lögreglukvenna á Norðurlöndum og í Eystrasaltsríkjum).
- hækkun um 50.000 á framlagi til lífeyrisdeildar LL.
- lækkun um 100.000 á kostnaðarliðnum „gjafir og styrkir".
- Nefndin gerði einnig tillögu um að félagsgjald til LL yrði óbreytt.

Nokkrir þingfulltrúar tóku til máls og lýstu ánægju sinni með tillögurnar. Geir Jón Þórisson vildi að formanninum yrði gert kleift að halda fullum launum og missi ekki neitt af sínum áunnu réttindum á meðan hann gegnir störfum formanns þótt hann sé í 50% starfi. Geir Jón lýsti því jafnframt yfir að hann myndi tala fyrir slíku fyrirkomulagi hjá sínu embætti og að almenn deild LRH gæti komið að því að greiða helming launa formanns á móti öðrum deildum. Fyrirspurn kom frá Hermanni Karlssyni um hve mikil skerðing yrði á fjárhag LL með því að setja fram hámarksfjárhæð og svaraði Aðalsteinn því að það væri um 800.000 kr.

Tilögur fjárhagsnefndar voru samþykktar. Tillagan um hámarksgreiðslur var samþykkt með tveimur mótatkvæðum og tillagan um launagreiðslur til formanns og brottfall greiðslna til framkvæmdastjórnar með þremur mótatkvæðum.

Nefndarmenn annarra þingnefnda gerðu grein fyrir störfum sínum og báru tillögur sínar undir þingfulltrúa og voru þær samþykktar samhljóða sem ályktanir þingsins. Hér fylgir tillaga starfskjaranefndar, um áherslur í kröfugerð LL í komandi kjarasamningsviðræðum en aðrar birtast hér á spássíu.

**Grunnlaun:**
Að gerð verði sú krafa að grunnlaun lögreglumanna verði hækkuð verulega. Að launakjör lögreglumanna verði í samræmi við ábyrgð, skyldur og þá áhættu sem starfinu fylgir.

**Aukavinna:**
Að gerð verði sú krafa að greitt verði sérstakt álag fyrir aukavinnu sem unnin er um nætur, helgar og á sérstökum frídögum.

**Starfslokaaldur:**
Að gerð verði sú krafa að starfslokaaldur lögreglumanna verði strax lækkaður í 63 ár og hann síðan lækkaður í áföngum niður í 60 ár.

**95 ára reglan:**
Að gerð verði sú krafa að þeir sem láti af störfum samkvæmt 95 ára reglunni njóti samræmis í eftirlaunum við þá sem hætta við starfslokaaldur (nú 65 ára).

**Menntun:**
Að gerð verði sú krafa að lögreglumenn fái framhaldsnám metið til launa, hvort sem það er nám í Lögregluskóla ríkisins eða annað nám sem nýst getur í starfi.

**Líkamsrækt:**
Að gerð verði sú krafa að lögreglumönnum verði gert kleift að stunda líkamsrækt í vinnutíma, á kostnað vinnuveitanda.

Snorri Magnússon kynnti síðan tillögur uppstillingarnefndar í nefndir, sjóði og um endurskoðendur reikninga og voru þær samþykktar með þeirri einu breytingu að bætt var við kvenkyns fulltrúa í fatanefnd LL. Skipan fulltrúa í nefndir og sjóði má lesa á heimasíðu LL.

Að þessu loknu þakkaði þingforseti starfsmönnum þingsins fyrir þeirra störf, þingfulltrúum fyrir málefnalegt þing, fráfarandi stjórn fyrir þeirra störf, óskaði nýrri stjórn velfarnaðar í starfi og sleit þinginu.

Að loknum þingstörfum var haldinn veglegur hátíðarkvöldverður. Heiðursgestir voru Böðvar Bragason, Þórir Oddsson, Bogi Nilsson og Jóhann R. Benediktsson og áttu þeir allir heimangengt nema Böðvar. Jafnframt var Páli Winkel fangelsismálastjóra sérstaklega boðið vegna fyrri starfa sinna sem framkvæmdastjóri LL og með því var honum þakkað sérstaklega fyrir hans góðu störf í þágu LL. Veislustjóri var Gissur Guðmundsson og fór hann alveg á kostum í því hlutverki. Í veislunni voru m.a. veittar heiðursorður til föngulegs hóps félagsmanna LL. Var veislan vel heppnuð og það voru þreyttir þingfulltrúar sem lögðust til svefns að henni lokinni.

Fyrir undirritaðan var þetta fyrsta þing LL og mikil upplifun. Þingið fór í alla staði vel fram, var málefnalegt og mikil samstaða meðal þingfulltrúa. Vissulega voru á tíðum snarpar umræður um lagabreytingar og kjaralega stöðu lögreglumanna enda skammt í kjarasamningsviðræður. Í svona stuttri samantekt er ekki unnt að gera grein fyrir öllum atriðum en vonandi gefur þetta góða mynd af því sem fram fór á þinginu.

***Steinar Adolfsson, framkvæmdastjóri LL***





# *Ályktanir þingsins:*

„XXIX. Þing Landssambands lögreglumanna, haldið í Munaðarnesi 29.-30. apríl 2008 hvetur Íslensku Friðargæsluna til að hafa samstarf við Landssamband lögreglumanna og Ríkislögreglustjóraembættið varðandi borgaraleg lögregluverkefni sem Íslenska Friðargæslan tekur þátt í."

Greinargerð

Á hverju ári taka nokkrir lögreglumenn þátt í verkefnum fyrir Íslensku Friðargæsluna á erlendri grundu. Hingað til hefur lítið sem ekkert samstarf verið haft við Landssamband Lögreglumanna og Ríkislögreglustjóraembættið við val á lögreglumönnum í verkefni, við að upplýsa lögreglumenn um hvaða verkefni eru í boði og síðan við tengsl við þá lögreglumenn sem starfa tímabundið á erlendri grundu. Hjá Landssambandi Lögreglumanna og eins hjá Ríkislögreglustjóraembættinu liggja fyrir upplýsingar um lögreglumenn sem hafa sitthvað fram að færa við kennslu, þjálfun og ráðgjöf. Eins er það svo að æskilegt er að nýta þá reynslu sem menn öðlast við friðargæslustörf þannig að gagnsemin af þátttökunni sé gagnkvæm. Starf á erlendri grundu, fjarri fjölskyldu og vinum, í langan tíma tekur á og nauðsynlegt fyrir þá sem þar eru að hafa trausta tengingu til heimalands. Einhverjar þjóðir hafa það sem reglu að lögreglumenn við friðargæslustörf á erlendri grundu fá heimsókn frá sínum vinnustað heimafyrir og fulltrúa stéttarfélags.



# Hvers virði erum við?

***Lykillinn að árangri í komandi kjarasamningsviðræðum LL við ríkisvaldið er samstaða! Samstaða ALLRA lögreglumanna!***



*Snorri Magnússon formaður LL*

**Ástandið í efnahagsmálum þjóðarinnar er þannig að ekki er ástæða til mikillar bjartsýni í komandi kjarasamningsviðræðum. Himinháir stýrivextir, gengi krónunnar í lægstu lægðum, svimandi hátt eldsneytisverð, vextir almennt í hæstu hæðum, verðlag með því hæsta sem þekkist á byggðu bóli og verðbólga sem ekki hefur sést hér á landi árum og jafnvel áratugum saman eru þær staðreyndir sem blasa við.**

Á sama tíma hefur verkalýðsforystan gefið ákveðinn tón og um leið sýnt það, einu sinni sem oftar, að hún kann og er tilbúin til að axla ábyrgð. Ábyrgð sem fólst í því að á sama tíma og ævintýramenn bankanna ruddust fram með sín ofurlaun fór verkalýðshreyfingin hægt yfir og samdi um mjög svo hófstilltar launahækkanir til handa sínu fólki. Launahækkanir sem fólust í um 20.000 kr. grunnhækkun allra taxta og lítið meir. BSRB fylgdi í kjölfarið og sýndi sömu ábyrgð með framlengingu kjarasamninga á sömu nótum og ASÍ á vormánuðum. Þar með hafa tvö stærstu samtök verkafólks í landinu sýnt yfirvegun og ábyrgð með því að stilla kröfum sínum í hóf. Hið sama er því miður ekki hægt að segja um „aðalinn“ í þessu landi okkar. Á sama tíma og venjulegur launamaður er að fá launahækkanir sem nema um 20.000 kr. fékk aðalbankastjóri Seðlabanka Íslands launahækkun sem nam um 100.000 kr. á mánuði, í lok árs 2007, eins og

lesa mátti í frétt á bls. 6. í Fréttablaðinu 31. desember 2007. Í sömu frétt kom fram að laun sama bankastjóra hefðu hækkað um litlar 400.000 kr. á mánuði frá því að hann tók við sem bankastjóri seðlabankans í janúar 2005! Þegar þetta var að gerast hélt forsætisráðherra þjóðarinnar áramótaávarp í hverju hann lagði á það áherslu að launafólk í landinu yrði að stilla launakröfum sínum í hóf til að viðhalda þeim stöðugleika sem hefði verið í okkar annars góða landi. Launafólk varð við tilmælum forsætisráðherra og stillti kröfum sínum mjög í hóf! Launafólk sýndi ábyrgð og fór ekki fram með offorsi til að knýja á um auknar launahækkanir. Launafólk hefur verið að taka á sig auknar hækkanir bæði í formi gríðarlegra stýrivaxta, gengislækkana, almennra verðhækkana og svo mætti lengi telja. Málflutningur stjórnvalda er því miður ekki sannfærandi. Þeir sem lægst hafa launin eru beðnir að halda aftur af sér á meðan þeir sem hæst hafa launin senda upplýsingar út í þjóðfélagið um launakjör upp á milljónatugi á mánuði, launakjör sem hækka um sem nemur tæpum mánaðarlaunum þeirra sem lægst hafa launin og það á mánuði! Þetta er það ástand sem við blasir nú þegar lögreglumenn eru að fara inn í sínar kjaraviðræður við ríkisvaldið. Tónninn hefur verið settur og hann í lægri kantinum. Verðbólguþróun gefur það til kynna að þeir samningar sem framlengdir voru á vormánuðum muni ekki halda. Ofan á allt þetta berast enn fregnir af bágu ástandi fjármála lögregluembættanna um landið. Fregnir berast af yfirvofandi uppsögnum lögreglumanna svo embættin nái að halda sig innan þeirra mjög svo naumt skömmtuðu fjárheimilda sem þau fá til rekstrarins! Ástandið er því langt í frá að vera jákvætt. Kjaraviðræður verða ekki auðveldar!

Lögreglumenn hafa dregist verulega aftur úr þeim stéttum sem settar voru til viðmiðunar þegar svokallaðir viðmiðunarsamningar voru gerðir í kjölfar þess

*Fregnir berast af yfirvofandi uppsögnum lögreglumanna svo embættin nái að halda sig innan þeirra mjög svo naumt skömmtuðu fjárheimilda sem þau fá til rekstrarins! Ástandið er því langt í frá að vera jákvætt. Kjaraviðræður verða ekki auðveldar!*



SLYSAVARNAFÉLAGIÐ LANDSBJÖRG

Góa-Linda

Bakarameistarinn

HÉÐINN



að við afsöluðum okkur verkfallsrétti okkar árið 1986. Grunnmannréttindum launafólks! Eina alvöru „vopni“ launþega til að knýja á um kjarabætur. Á þessum tíma taldi ríkisvaldið lögreglumenn þá stétt ríkisstarfsmanna sem það mætti alls ekki við því að missa í verkföll vegna kjaradeilna. Mjög svo eðlileg sýn á málin af hálfu ríkisvaldsins á þeim tíma. Samningarnir sem við okkur voru gerðir á þeim tíma áttu enda að tryggja okkur launalega. Um ferli samninganna og efndir þeirra er m.a. hægt að lesa í þingskjali 806, 446. máli sem lagt var fram á 111. löggjafarþingi 1988 – 1989. Rétt er að minna á það hér að bankamenn voru ein þeirra stétta sem miða átti við þegar útreikningar yrðu gerðir á þróun launa viðmiðunarstétta LL! Hér má til gamans geta þess að laun í fjármálageiranum voru um 30% hærri en í öðrum atvinnugreinum árið 1995 en eru um þessar mundir um 75% hærri. Karlar í fjármálageiranum eru t.d. með um 120% hærri meðallaun en karlar almennt í landinu. Þessar tölur eru frá því í nóvember 2006 og koma frá hagfræðisetri Háskólans í Reykjavík. Launaskrið þessa geira þjóðlífsins hefur því verið umtalsvert. Það væri fróðlegt að sjá hver staðan væri hjá lögreglumönnum ef þessir margfrægu viðmiðunarsamningar hefðu haldið og verið efndir til fulls eins og vonir stóðu til.

Samninganefnd LL mun fara inn í komandi viðræður með jákvæðni að leiðarljósi. Hún mun hafa það að leiðarljósi að ríkisvaldið muni, þrátt fyrir allt, meta þau störf sem lögreglumenn eru að inna af hendi









að verðleikum. Hún mun fara fram á það að störf lögreglumanna verði metin í samræmi við þá ábyrgð og áhættu sem fylgja starfinu sem og hæfni þeirra sem því sinna. Hún mun fara fram á það að sú staðreynd að við höfum ekki verkfallsrétt, á meðan t.d. hjúkrunarfræðingar og flugumferðarstjórar hafa slíkan rétt, verði metin til þess mikilvægis sem á það var lagt að við afsöluðum okkur þessum rétti. Þessar kröfur eru ekki ósanngjarnar. Þessar kröfur eru meðalhófskröfur! Talandi um meðalhóf má geta þess hér að meðaldagvinnulaun opinberra starfsmanna voru í byrjun árs 2007 um 283.000 kr. sem er rúmum 100.000 kr. hærra en grunnlaun lögreglumanns eftir nám í Lögregluskóla ríkisins. Rétt er líka að leggja á það áherslu hér að engar hækkanir grunnlauna koma til fyrstu fimm árin í starfi! Væri það til of mikils mælst að lögreglumaður sem er að hefja störf í lögreglu nái meðaldagvinnulaunum opinberra starfsmanna hverju sinni? Gæti það mögulega talist ósanngjörn krafa? Væri það til of mikils mælst þegar horft er til þeirrar ábyrgðar og áhættu sem felst í starfi lögreglumanna? Væri það til of mikils mælst þegar horft er til þeirrar hæfni sem krafist er af lögreglumönnum til starfans? Er það eðlilegt að lögreglumaður, sem er að hefja störf, eftir langt og strangt valferli og nám í mjög sérhæfðum fagskóla, skuli hafa í mánaðarlaun rétt rúmlega það sem leiðbeinandi hjá Íþrótta- og tómstundaráði hefur í mánaðarlaun? Telst það eðlileg og sanngjörn krafa af hálfu ríkisvaldsins? Er það þannig sem ríkisvaldið vill leggja mat á óeigingjörn störf lögreglumanna í þágu lands og þjóðar? Hér verður einnig að horfa til þess að lögreglumönnum eru settar mjög strangar skorður ekki bara í starfi heldur og í sínum frítíma. Lögreglumenn mega t.d. ekki taka að sér launuð störf í þágu annars aðila án þess að fá til þess sérstakt leyfi sinna yfirmanna. Með þessu hefur ríkisvaldið sett einstaklingsfrelsi lögreglumanna strangar skorður og sett sig í þær stellingar að ráðskast með frítíma lögreglumanna og hvernig þeir verja honum.

Lögreglumenn hafa ítrekað um dagana þurft að ganga eftir því að þeim séu greidd laun skv. gerðum kjarasamningum. Lögreglumenn hafa sumir hverjir lent í því að þurfa að bíða í heilt ár eftir því að fá rétt laun greidd. Lögreglumenn hafa ítrekað þurft að leita til dómstóla til að farið sé eftir gerðum samningum. Lögreglumenn hafa ítrekað í samningum reynt að fá fagmennsku sína og menntun viðurkennda sem slíka en án árangurs þannig að ómenntaðir einstaklingar eru á hverju ári klæddir í einkennisbúninga lögreglu og sendir út af örkinni til að leysa viðkvæm og persónuleg vandamál þegna þessa lands. Þannig hefur staðan verið í áraraðir og er enn.

Það sem lögreglumenn fara fram á er virðing og réttlæti. Virðing fyrir þeim störfum sem við sinnum og réttlæti þegar kemur að mati á eðli þeirra starfa sem við innum af hendi. Slíkar kröfur geta varla talist ofsafengnar. Slíkar kröfur geta varla talist umfram meðalhófskröfur.

**Við spyrjum einfaldlega eftirfarandi spurninga: Hvers virði erum við, hæstvirt Alþingi Íslendinga? Hver virði erum við, hæstvirtur forsætisráðherra? Hvers virði erum við, hæstvirt ríkissstjórn Íslands?**

*Það sem lögreglumenn fara fram á er virðing og réttlæti. Virðing fyrir þeim störfum sem við sinnum og réttlæti þegar kemur að mati á eðli þeirra starfa sem við innum af hendi. Slíkar kröfur geta varla talist ofsafengnar. Slíkar kröfur geta varla talist umfram meðalhófskröfur.*

FRUMHERJI HF

ÍSTAK

HITAVEITA SUÐURNESJA

HAPPDRÆTTI HÁSKÓLA ÍSLANDS

*Höfundur:*
*Arndís Tómasdóttir*



*Líðan lögreglumanna út frá starfsumhverfi:*

# *Er þörf á félagsráðgjafa?*



*Arndís Tómasdóttir*

**Mikil ábyrgð og skylda hvílir á lögreglumönnum. Starfið getur haft margvísleg áhrif á líðan lögreglumanna og ýmis persónuleg vandamál geta sprottið út frá því. Miklar kröfur, mikið álag, streituvaldandi aðstæður og vaktavinna geta orðið til þess að lögreglumenn leita frekar í áfengi en aðrir, þeir kulna í starfi, fjölskyldur þeirra sitja á hakanum og upp koma jafnvel sjálfsvígshugsanir.**

Þessir þættir voru umfjöllunarefnið í BA-ritgerð minni í félagsráðgjöf við Háskóla Íslands vorið 2008. Í ritgerðinni var fjallað um erlendar rannsóknir sem hafa verið gerðar um líðan lögreglumanna út frá starfsumhverfi. Hér verður fjallað um það helsta sem erlendar rannsóknir hafa sýnt fram á og vekja mann til umhugsunar um hvernig ástandið er meðal íslenskra lögreglumanna.

### *Streita og álag meðal lögreglumanna*

Þegar fjallað er um líðan lögreglumanna er helst talað um streitu og álag vegna starfsins. Hins vegar hefur ekki verið mikið fjallað um kynjamun eða aldur þegar það er rætt. Í Svíþjóð var gerð rannsókn meðal lögreglumanna og þar kom fram að meiri líkur eru á að ungir lögreglumenn sem hafa nýlega hafið störf í lögreglu verði fyrir mestu streitueinkennum eftir alvarlega atburði heldur en þeir eldri og reyndari. Þeir atburðir sem karlkyns lögreglumenn upplifa fyrst sitja síðan hvað fastast í minningunni meðan aðrir falla frekar

í gleymsku. Kvenkyns lögreglumenn virðast frekar upplifa og skynja alla þætti starfsins mun meira en karlkyns lögreglumenn. Þær hafa einnig meiri áhyggjur af óvæntum uppákomum í starfinu. Þá hefur auk þess verið sýnt fram á að konur eru duglegri en karlar að leita eftir aðstoð til að komast í gegnum erfiðleika tengda starfinu. Þær tala mun meira um álag og streitu vegna vinnu sinnar við maka sinn, ættingja eða náinn vin, heldur en karlmenn.

Ekki má gleyma því að álag og streita þarf ekki endilega að fylgja einhverju erfiðu verkefni sem lögreglumenn sinna heldur getur fleira haft áhrif svo sem vinnuálag og vaktafyrirkomulag. Vaktafyrirkomulag hefur verið rannsakað í Noregi og skoðað hvort munur sé á álagi og streitu milli stærri og minni embætta. Samkvæmt því er meira álag og streita meðal þeirra lögreglumanna sem vinna í stærri embættum og er það vegna þess að þar er oftast hærri glæpatíðni en í þeim minni. Hins vegar er meira vinnuálag í minni embættum og lögreglumönnum finnst oft erfitt að vera ekki á vaktinni eftir að vinnutíma lýkur vegna mikillar nálægðar við íbúana.

Það þarf vart að nefna það en svona vanlíðan kemur að sjálfsögðu niður á starfi lögreglumanna. Það er mjög alvarlegt ef upplifun í vinnunni hefur langvarandi áhrif á einstakling, ekki nóg með að það bitni á starfsgetunni heldur getur þetta leitt til þess að menn verða frá vinnu í einhvern tíma bæði vegna vanlíðunar og streitu. Í Bretlandi hefur verið kannað hversu marga daga hver lögreglumaður var frá vinnu vegna veikinda að meðaltali árið 2001 og voru það rúmir 12 dagar meðan á öðrum vinnustöðum í opinbera geiranum voru það rúmir 10 dagar og hjá einkafyrirtækjum rúmir 7 dagar. Þessi háa tala meðal lögreglumanna er að hluta til rakin til streitu og andlegrar vanlíðunar.

### *Áfengisneysla meðal lögreglumanna*

Áfengisneysla lögreglumanna hefur lítið verið rannsökuð í heiminum en í Ástralíu hefur þetta verið skoðað. Þar kemur fram að 65% lögreglumanna af 4.193 manna hópi eru í áhættuneyslu á áfengi, 32% eru í skaðlegri neyslu og 3% eru haldnir áfengissýki en þá er einstaklingur farinn að þróa geðræn einkenni vegna neyslunnar. Enginn munur er á körlum og konum í lögreglunni hvað þetta varðar og yngri lögreglumenn skora hærra að meðaltali en þeir eldri í að þróa með sér áfengissýki. Önnur áströlsk rannsókn sýnir að 40% kvenna í lögreglunni og 48% karla nota áfengi óhóflega mikið. Óhófleg neysla almennings er aftur á móti allt önnur eða 7% meðal kvenna og 10,5% meðal karla. Ástæðan fyrir þessum mikla mun er rakin til álags og streitu og er sérstaklega meðal stjórnenda í lögreglu. Þá er hefðin meðal lögreglumanna að fara eftir vakt og fá sér að drekka einnig að hafa áhrif ásamt því að karlar sem vinna í „karla“-starfsstétt eru líklegri til að drekka óhóflega mikið áfengi. Lögreglukonur drekka svo vegna þrýstings frá starfsbræðrum og til að falla inn í hópinn.

Ástralskir lögreglumenn töldu sig ekki eiga við áfengisvanda að stríða eða 70% þeirra og 60% töldu ekkert mál að hætta drykkju. Lítið hefur verið gert úr þeim inngripum sem ætluð eru til að reyna að draga úr áfengisneyslu og öðrum tengdum vandamálum innan áströlsku lögreglunnar. Viðhorfið virðist vera þannig að menning lögreglumanna sé svona og þetta sé ákveðið séreinkenni vinnustaðarins.

### *Sjálfsvíg meðal lögreglumanna*

Í Noregi var gerð rannsókn um heilsu og andlega líðan lærðra lögreglumanna. Í ljós kom að 0,7% svarenda sögðust hafa reynt að fremja sjálfsvíg, þeir sem höfðu íhugað að fremja sjálfsvíg voru aftur á móti 6,4% og 24% töldu lífið ekki þess virði að lifa því.

Verulegur munur var á kynjunum þar sem 22% kvenna óskuðu þess að deyja á meðan karlarnir voru tæplega 17%. Á meðal kvennanna voru einnig talsvert margar sem höfðu reynt sjálfsvíg eða um 2% en aðeins um 0,5% karla. Að prósentuhlutfall kvenna sé hærra hvað varðar þessa tvo þætti þarf þó ekki endilega að þýða að þær fremji frekar sjálfsvíg því hugsanlega gæti þeim oftast mistekist sjálfsvíg og tilraunirnar þannig fleiri. Oft er talað um að konur viðurkenni frekar vandamál sín heldur en karlar og leiti jafnframt oftar óbeint eftir aðstoð með því að gera misheppnaðar sjálfsvígstilraunir.

Munurinn á kynjunum er hins vegar mestur varðandi það hvort vinnan hafi áhrif á sjálfsvígshugsanir, þar telja karlarnir vinnuna skipta máli í 28,8% tilfella en konurnar ekki í nema 6,7% tilfella. Þessi mikli munur er áhugaverður og sýnir að af einhverjum ástæðum taka karlarnir vinnuna meira inn á sig en konur. Rannsóknin svarar því ekki af hverju þessi munur gæti stafað en hins vegar kemur fram að þeir sem eru óánægðir í vinnunni og eru haldnir þunglyndi eða kvíða eru í meiri sjálfsvígshættu en aðrir. Þeir sem eru aftur á móti óánægðir, en ekki haldnir þessum kvillum, eru ekki í aukinni sjálfsvígshættu.

### *Vanlíðan lögreglumanna og áhrif hennar á fjölskyldur þeirra*

Í Bandaríkjunum hafa rannsóknir leitt í ljóst að þeir lögreglumenn sem upplifa streitu í vinnu eru líklegri til að eyða frítíma sínum án fjölskyldunnar, sýna reiði, eru afskiptalausir hvað varðar fjölskyldumál og finnast þeir vera í ófullnægjandi hjónabandi. Konur lögreglumanna í þessari rannsókn sögðu að ef eiginmenn þeirra væru tilfinningalega útkeyrðir þegar þeir kæmu heim úr vinnu, væru þeir reiðir, uppstökk-




*Í Svíþjóð var gerð rannsókn meðal lögreglumanna og þar kom fram að meiri líkur eru á að ungir lögreglumenn sem hafa nýlega hafið störf í lögreglu verði fyrir mestu streitueinkennum eftir alvarlega atburði heldur en þeir eldri og reyndari.*


AMERICAN STYLE

112
EINN EINN TVEIR
Allt landið -eitt númer

SKÍFAN

fylkir.is
Ferðaskrifstofa
Bestir í Danmörku
Hraunbær 18 - 810 Hveragerði - Sími 456 3745

*Vanlíðan lögreglumanns getur haft þau áhrif á fjölskylduna að hún fer að líta neikvæðum augum á lögreglustarfið.*




ir, stressaðir, áhyggjufullir og almennt skapstyggir. Einnig vildu þær meina að þeir ættu erfitt með að sofa á næturnar. Rannsóknin sýnir auk þess fram á það að hjón, þar sem annar aðilinn er lögreglumaður og er orðinn útbrunninn andlega, eiga færri vini en aðrir og stafar það líklega af því að ósjálfrátt dregur sá einstaklingur sig í hlé frá öllum félagslegum samskiptum.

Vanlíðan lögreglumanns getur haft þau áhrif á fjölskylduna að hún fer að líta neikvæðum augum á lögreglustarfið, sem getur svo aftur á móti haft slæm áhrif á lögreglumanninn þar sem hann fær lítinn stuðning frá sínum nánustu þegar hann er að glíma við erfiðleika tengda starfinu.

Bein tenging virðist einnig vera á milli streitu lögreglumanna og skilnaða þar sem mun meira er af neikvæðum tilfinningum milli hans og makans. Þetta hefur því eins og nærri má geta neikvæð áhrif á hjónabandið. Það hefur sýnt sig að meðferð hjá fagaðila, sem beinist að tilfinningum hjóna, geti minnkað líkur á skilnaði.

### Áhrif vaktavinnu

Mjög mismunandi er hvernig vaktavinnukerfin eru byggð upp, sumir vinna 12 tíma vaktir fáa daga í röð á meðan aðrir vinna um það bil átta tíma á dag, fleiri daga í röð. Ákveðnar vísbendingar gefa það til kynna að þeir lögreglumenn sem vinna lengri vaktir og færri daga verði ekki eins útkeyrðir og þeir sem eru á styttri vöktum fleiri daga í röð. Rannsóknir sýna að almennt verði fólk að fá að minnsta kosti sjö til átta tíma af góðum svefni á sólarhring og að einungis 17% af lögreglumönnunum fengu að meðaltali rúmar átta klukkustundir í svefn á móti 38% almennings. Lögreglumenn sem sváfu minna en sex og hálfan klukkutíma að meðaltali á sólarhring voru 53% á móti 31% almennings. Þá hafa rannsóknir sýnt fram á að 16% lögreglumanna hafa að minnsta kosti einu sinni í viku eða oftar átt erfitt með að halda sér vakandi til dæmis við akstur eða á matmálstímum.

### Hlutverk félagsráðgjafa

Hlutverk félagsráðgjafa fyrir lögreglumenn gæti verið margvíslegt og þá sérstaklega hvað varðar fjölskylduráðgjöf fyrir lögreglumenn og þeirra nánustu. Nauðsynlegt er fyrir lögreglumenn að hafa aðgang að félagsráðgjafa sem getur unnið með þeim og þeirra nánustu í því að leysa úr vanda sem í flestum tilfellum er ekki einungis að bitna á viðkomandi heldur allri fjölskyldunni. Þá getur fjölskyldan orðið beinn þátttakandi í vandanum og virkar þannig meðvirk á einstaklinginn og er því síður en svo að hjálpa viðkomandi. Ef tekið er dæmi um áfengisvanda sem lögreglumaður hefur þróað með sér vegna mikillar streitu og álags í starfi gæti félagsráðgjafi hjálpað viðkomandi að komast á rétta leið og leiðbeint honum áfram með þau úrræði sem eru í boði. Mikilvægt er fyrir lögreglumanninn að geta leitað til félagsráðgjafa sem þekkir til starfa lögreglu og hefur þekkingu á því sem lögreglumenn glíma við vegna þess að þá eru meiri líkur á að traust skapist á milli skjólstæðings og með-



ferðaraðila. Ef traust er til staðar má vænta þess frekar að lögreglumaðurinn sé tilbúinn að fá ráðgjöf og leita sér hjálpar. Áfengisvandi er ekki bara einkamál þess sem glímir við hann því fjölskyldan er öll ákveðinn þátttakandi. Mikilvægt er að fjölskyldan geti einnig fengið ráðgjöf til að læra að styðja við lögreglumanninn og haft þannig fagmann sér til aðstoðar þegar verið er að vinna úr vandamálinu. Þó að áfengisvandi hafi verið notaður sem dæmi má heimfæra þetta yfir á nánast öll vandamál sem lögreglumenn glíma við.

Eins og fram kom í kaflanum um vanlíðan lögreglumanna og áhrif hennar á fjölskyldurnar gerir fjölskylda lögreglumanna sér ekki alltaf grein fyrir því hvað þeir eru að fást við í sínu starfi. Vegna þess gæti verið mikilvægt að félagsráðgjafi hefði reglulega kynningar- og umræðufundi fyrir maka lögreglumanna þar sem fræðsla færi fram á því hvað lögreglustarfið gengur út á. Einnig væri hægt að kynna fyrir mökum hvað eru eðlileg viðbrögð við erfiðum aðstæðum, hvað geti verið merki um vanlíðan og kulnun í starfi, ásamt því að sjá út hugsanlega áhættuneyslu á áfengi og einkenni sjálfsvígshugsana. Þá er nauðsynlegt að skýra fyrir mökum hvert þeirra hlutverk geti verið í að koma viðkomandi til hjálpar, hvernig best sé að höndla erfiðar uppákomur í samböndum og hvað þau geti gert til að bæta sig. Þessir umræðufundir geta einnig verið til að þjappa saman mökum lögreglumanna sem þekkjast jafnvel lítið eða ekkert en eiga margt sameiginlegt með því að eiga maka sem er lögreglumaður og vinnur vaktavinnu.

Hópefli fyrir vaktir lögreglumanna getur verið í höndum félagsráðgjafa. Það gæti bæði farið fram á vinnutíma og eins á frívöktum. Hópefli getur haft marga kosti í för með sér eins og að þjappa liðinu saman, leysa ágreining sem upp getur komið og vinna á ríg milli vakta. Félagsráðgjafinn sér þá um að stjórna hópeflinu, skipuleggja hvað skuli gera og er sáttamiðlari ef þess er þörf. Mikilvægt er að starfi félagsráðgjafa fyrir lögreglumenn sé þannig hagað að lögreglumenn geti leitað til hans án þess að fara í gegnum þriðja aðila og ef félagsráðgjafinn er ekki beint starfandi meðal lögreglunnar sé kostnaðurinn greiddur af embætti lögreglumannsins eða ríkislögreglustjóra. Félagsráðgjafinn sjái þannig um að rukka fyrir þjónustuna án þess að persónuupplýsingar um viðkomandi lögreglumann komi fram. Gera þarf lögreglumönnum ljóst að það að leita til félagsráðgjafa eða annarra fagmanna á ekki að vera feimnismál og það á að vera eðlilegra að hitta hann reglulega frekar en aldrei. Ef viðhorfið gagnvart félagsráðgjafa og hans þjónustu er neikvætt er hætt við að þjónustan nýtist ekki sem skyldi.

### *Að lokum*

Stiklað hefur verið á stóru í umfjölluninni hér á undan en erlendar rannsóknir sýna að margvíslegir áhættuþættir eru til staðar meðal lögreglumanna víðs vegar um heiminn. Rannsóknir af þessu tagi er vart að finna hér á landi en þörfin á að gera ítarlega úttekt á stöðu mála meðal íslenskra lögreglumanna er fyrir hendi. Einnig er nauðsynlegt að opna umræðuna um þessa áhættuþætti varðandi líðan lögreglumanna út frá starfsumhverfi. Án efa er þó hægt að álykta að íslenskir lögreglumenn séu ekki mjög frábrugðnir öðrum hvað varðar líðan þeirra út frá starfsumhverfi. Öll vanlíðan og óæskileg hegðun vegna hennar hefur margþætt áhrif á umhverfið hvort sem um er að ræða fjölskyldu, vini, samstarfsfélaga eða frammistöðu í vinnu. Það eru ekki einungis lögreglumennirnir sem græða á því að hafa félagsráðgjafa starfandi fyrir stéttina, embættin og ríkið græða líka því reikna má með að vinnuframlag aukist, veikindadögum fækki og starfsmannavelta minnki.

Ef áhugasamir vilja lesa ritgerðina í heild sinni eða fá upplýsingar um heimildir sem notaðar voru, er þeim bent á að hafa samband í gegnum netfangið arndis@islandia.is.

***Höfundur er MA-nemi í félagsráðgjöf við Háskóla Íslands, fyrrverandi afleysingamaður í lögreglu og gift lögreglumanni.***




*Það eru ekki einungis lögreglumennirnir sem græða á því að hafa félagsráðgjafa starfandi fyrir stéttina, embættin og ríkið græða líka því reikna má með að vinnuframlag aukist, veikindadögum fækki og starfsmannavelta minnki.*

ÁHALDALEIGA SUÐURNESJA

ICELANDAIR

FLUGSTÖÐ LEIFS EIRÍKSSONAR OHF.

Vilko




*Jón Bjartmarz, yfirlögregluþjónn hjá embætti ríkislögreglustjóra*

# Eitt *lögreglulið*

**Íslenskt samfélag hefur tekið miklum breytingum. Það er orðið fjölþjóðlegra og aukinn alþjóðavæðing viðskipta og aukin þátttaka í alþjóðasamstarfi á öllum sviðum hefur leitt til þess að við erum hluti af opnu alþjóðlegu samfélagi þjóða. Skapast hafa ný tækifæri á sviði verslunar og viðskipta og við njótum á ýmsan hátt góðs af þessum breytingum. Þó hafa einnig fylgt ókostir því komið hafa fram nýjar ógnir sem beinast að vestrænum samfélögum í formi skipulagðrar alþjóðlegrar glæpastarfsemi og hryðjuverka. Athafnasvæði glæpahópa hafa stækkað með sama hætti og gerst hefur við löglega starfsemi.**

Á s.l. 10 árum hafa verið gerðar ýmsar mikilvægar skipulagsbreytingar innan lögreglunnar sem hafa miðað að því að nútímavæða löggæslu, bæta skipulag og efla starfsemi. Komið var á embætti ríkislögreglustjóra sem starfar á landsvísu sem miðlæg lögreglustofnun og lögregluumdæmum hefur fækkað úr 26 í 15. Í nýlegri áfangaskýrslu um mat á þeim breytingum á nýskipan lögreglu með fækkun umdæma kemur fram að ekki hafa verið um nægilega róttækar breytingar að ræða til að tryggja bestu nýtingu mannafla innan lögreglunnar alls staðar á landinu.

Á hinum Norðurlöndunum er fjárveitingum til lögreglu ráðstafað sem heildarfjárveitingu til lögreglunn-



ar sem ákvarðar sjálf hvernig nýtist best til þess að ná sem mestum árangri. Hér á landi ráðstafar Alþingi hins vegar einstökum lögreglustjóraembættum fjárveitingum og hefur stundum verið hjákátlegt að fylgjast með umræðum um fjárlög á þingi. Tilflutningur mannafla, búnaðar og fjárveitinga er því mun þyngri í vöfum hérlendis og þá eru flestir lögreglustjórarnir einnig sýslumenn með margvísleg önnur verkefni en löggæslu. Skipulag þetta er arfur frá fyrri öldum og allt of flókið og þunglamalegt í ljósi þeirrar gerbyltingar sem orðið hefur í fjarskiptum og samgöngum.

Nú er svo komið að öll lögreglulið eru í sama fjarskiptakerfinu og ríkislögreglustjóri starfrækir eina fjarskiptamiðstöð fyrir allt landið enda fráleitt að starfækja fleiri en eina miðað við fjölda lögreglumanna á landinu. Ekkert er í raun því til fyrirstöðu að sameina alla lögregluna í eitt lögreglulið undir stjórn ríkislögreglustjóra til þess að bæta skipulag og nýtingu fjárveitinga með það að markmiði að efla löggæsluna um allt land og tryggja sömu þjónustu.

Daði Kristjánsson: Verndarhagsmunir og verknaður samkvæmt 106. gr. almennra hegningarlaga frá sjónarhóli lögregluréttar, bls. 51.
Jónatan Þórmundsson: Afbrot og refsiábyrgð I, bls. 65.
Jónatan Þórmundsson. Afbrot og refsiábyrgð I, bls. 59.
Ingvar Guðmundsson. Október 2007.
Daði Kristjánsson: Verndarhagsmunir og verknaður samkvæmt 106. gr. almennra hegningarlaga frá sjónarhóli l-ögregluréttar, bls. 69; Jónatan Þórmundsson: „Ofsóknir og hótanir". Tímarit lögfræðinga. 1989, bls. 201.
Jónatan Þórmundsson: Afbrot og refsiábyrgð I, bls. 77-78.
Dómur Mannréttindadómstóls Evrópu, frá 16. desember 1992 í máli Niemietz gegn Þýskalandi. Series A. 251-B, bls. 292.
Mannréttindasáttmáli Evrópu: Meginreglur, framkvæmd og áhrif á íslenskan rétt: Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu og réttur til að stofna til hjúskapar, bls. 292. Björg Thorarensen ritstýrði.
Beinar aðgerðir og borgaraleg óhlýðni, bls. 8.
Beinar aðgerðir og borgaraleg óhlýðni, bls. 8.
Viðar Már Matthíasson: Skaðabótaréttur, bls. 53.
Jónatan Þórmundsson: Afbrot og refsiábyrgð II, bls. 12.
Jónatan Þórmundsson: Afbrot og refsiábyrgð II, bls. 60.
Jónatan Þórmundsson: Afbrot og refsiábyrgð II, bls. 60.
Jónatan Þórmundsson: Afbrot og refsiábyrg II, bls. 65-66.
Jónatan Þórmundsson: Afbrot og refsiábyrgð II, bls. 65-66.
Jónatan Þórmundsson: Afbrot og refsiábyrgð II, bls. 64.
Jónatan Þórmundsson: Afbrot og refsiábyrgð II, bls. 64.
Jónatan Þórmundsson: Abrot og refsiábyrgð II, bls. 62-65.
Jónatan Þórmundsson: Afbrot og refsiábyrgð II, bls. 65.




# Eftirtaldir aðilar óska lögreglumönnum velfarnaðar í starfi

Örninn hf.
Vörufl. v/ Hvalsá

## Hellissandur

Esjar ehf
Hraunási 13
Skarðsvík hf.
Munaðarhóli 10
Þorgeir Árnason ehf.
Háarifi 27 Rifi

## Búðardalur

Arnarklettar ehf
Dalbraut 10
Sýslumaðurinn í Búðardal
Miðbraut 11

## Reykhólahreppur

Hótel Bjarkarlundur
Reykhólahreppur
Maríutröð 5a

## Ísafjörður

Akstur og löndun ehf
Pólgötu 10
Ferðaþjónustan Reykjanesi ehf.
Reykjanesi við Djúp
Frystikerfi ehf.
Suðurgötu 9
Hafnarbúðin
Hafnarhúsinu
Hamraborg ehf.
Hafnarstræti 7
Héraðsdómur Vestfjarða
Hafnarstræti 1
Ísafjarðarbær
Hafnarstræti 1
Kjölur ehf.
Urðarvegi 37
KNH ehf.
Grænagarði
Lögsýn ehf.
Aðalstræti 24
Póllinn hf.
Aðalstræti 9-11
Rörtækni hf.
Seljalandsvegur 86
Stjörnubílar ehf
Aðalstræti 11
Sýslumaðurinn
á Ísafirði
Hafnarstræti 1
Úlfar ehf.
Seljalandsvegi 86
Vestfirskir verktakar ehf
Skeiði 3

## Bolungarvík

Sérleyfisferðir
Völusteinsstræti 22
Sparisjóður
Bolungarvíkur
Aðalstræti 14
Verkalýðs- og sjómannafélag
Bolungarvíkur
Hafnargötu 37

## Súðavík

Súðavíkurhreppur
Grundarstræti 1-3
Víkurbúðin ehf.
Grundarstræti 3-5

## Flateyri

RKÍ Önundarfjarðardeild
Ólafstúni

## Patreksfjörður

Smáalind ehf
Aðalstræti 5
Smur og dekkjaþjónusta
Aðalstræti 3
Veitingastofan Þorpið
Aðalstræti 73
Verslunin Albína
Aðalstræti 89
Vesturbyggð
Aðalstræti 63

## Tálknafjörður

Bókhaldsstofan Tálknafirði
Strandgötu 40
Eik ehf. - trésmiðja
Strandgötu 37
Gistiheimilið Bjarmalandi ehf.
Bugatúni 8
Þórsberg ehf.
Pósthólf 90

## Bíldudalur

Lás hf.
Hafnarbraut 10

## Þingeyri

Gistihúsið við Fjörðinn
Vallargötu 15
Véla- og bílaþjón Kristjáns ehf.
Hafnarstræti 14

## Brú

Bæjarhreppur
Skólahúsinu á Borðeyri
S.G. Verkstæði ehf
Borðeyri

## Hólmavík

Kaupfélag Steingrímsfjarðar
Höfðatúni 4

## Kjörvogur

Hótel Djúpavík ehf.
Árneshreppi

## Hvammstangi

Aðaltak sf
Höfðabraut 11
BBH útgerð ehf
Hvammstangabraut 43
Selasetur Íslands ehf.
Brekkugötu 2
Veiðifélag Arnarvatnsheiðar og
Tvídægru
Staðabakka 1

## Blönduós

Bílaverkstæði Óla
Norðurlandsvegi 4
Kjalfell ehf
Efstubraut 2
Krákur ehf
Melabraut 21

## Skagaströnd

Skagabyggð
Örlygsstöðum II

## Sauðárkrókur

Bifreiðaverkstæði Kaupfélags
Skagfirðinga
Freyjugötu 9
Byggðastofnun
Ártorgi 1
Héraðsdómur Norðurlands vestra
Skagfirðingabraut 21
Kaupfélag Skagfirðinga
Ártorgi 1
K-Tak hf
Borgartúni 1
Ræsting og bón ehf
Víðihlíð 4
Sparisjóður Skagafjarðar
Ártorgi 1
Sýslumaðurinn á Sauðárkróki
Suðurgötu 1

## Varmahlíð

Akrahreppur - Skagafirði
Miklabæ
Ferðaþjónusta bænda
Lauftún
Ferðaþjónustan Bakkaflöt
Bakkaflöt
Langamýri fræðslusetur
Löngumýri

## Siglufjörður

Allinn ehf-sportbar
Þormóðsgötu 11-15
Rafbær ehf.
Aðalgötu 32

## Akureyri

Amaro heildverslun - Viðar ehf.
Frostagötu 6c
Ásbyrgi - Flóra ehf.
Frostagötu 2a
Bakaríið við Brúna
Gleráreyrum 2
Bifreiðaverkstæði
Bjarnhéðins hf.
Fjölnisgötu 2a
Blikkrás ehf.
Óseyri 16
Bókaútgáfan Tindur
- www.tindur.is
Lerkilundi 32
Bæjarverk hf.
Rauðamýri 11
Dragi ehf
Syðri Tjörnum
Eining Iðja
Skipagötu 14
Garðyrkjustöðin Brúnalaug
Eyjafjarðarsveit
Gámaþjónusta
Norðurlands hf.
Laufásgötu 1
Girðir ehf.
Hafnarstræti 82
Kjarnafæði hf.
Fjölnisgötu 1b
Ljósgjafinn ehf.
Glerárgötu 34
Lostæti ehf.
Naustatanga 1 box 234
Lögmannsstofa
Hreins Pálssonar hrl. ehf.
Hofsbót 4
Málningarmiðstöðin ehf.
Hólabraut 18
Norðurverk ehf.
Sjafnarnes 2
Raf ehf.
Óseyri 6
Rafeyri ehf.
Norðurtanga 5
Rafós sf.
Skipagötu 14
SBA Norðurleið
Hjalteyrargötu 10
Sjómannablaðið Víkingur
Byggðarvegur 101b
Slökkvilið Akureyrar
Árstíg 2
Straumrás hf.
Furuvöllum 3
Sveitahótelið ehf.
Sveinbjarnagerði 2
Sýslumaðurinn á Akureyri
Hafnarstræti 107
Toyota-Akureyri
Baldursnesi 1
Tölvuvinnslan
Hafnarstræti 101
Útfararþjónusta kirkjugarða
Akureyrar ehf.
Höfða v/ Þórunnarstræti
Vaglaskógur Ferðaþjónusta
Hróarsstöðum
Videobarinn ehf
Langholti 18

## Grenivík

Grýtubakkahreppur
Gamla skólanum
Rándýr ehf.
Túngötu 27

## Grímsey

Grímseyjarhreppur
Öldutúni 1

## Dalvík

Daltré ehf.
Sunnubraut 12
Dalvíkurbyggð
Ráðhúsinu
Klaufi ehf.
Klaufabrekkum
Steypustöðin Dalvík ehf.
Sunnubraut 11
Vélvirki ehf.
Hafnarbraut 7

## Húsavík

Fjallasýn - Rúnars Óskarssonar
ehf.
Hrísateigi 5
Fjallasýn ehf.
Hrísateigi 5 Reykjahv
Heiðarbær veitingar sf.
Reykjahverfi
Heimabakarí - Eðalbrauð
Garðarsbraut 15
Höll hf.
Höfða 11
Hvalasafnið á Húsavík
Pósthólf 172
Höfðavélar ehf
Höfða 1
Kiðagil ehf
Bárðardal
Norðursigling ehf.
Hafnarsvæði gamla Bau
Skóbúð Húsavíkur
Garðarsbraut 13
Tjörneshreppur
Ytri - Tungu
Vélaverkstæðið Árteigi
Árteigi - Þingeyjasveit
Víkurraf ehf.
Héðinsbraut 4
Öryggi ehf.
Garðarsbraut 18a

## Reykjahlíð

Geitey ehf
Geiteyjarströnd 1

## Kópasker

Röndin ehf.
Röndinni 5

## Raufarhöfn

Önundur ehf.
Aðalbraut 41

## Þórshöfn

Geir ehf.
Sunnuvegi 3
Langanesbyggð
Fjarðarvegi 3
Verkalýðsfélag Þórshafnar
Langanesvegi 18

## Bakkafjörður

Hraungerði ehf
Hraunstíg 1

## Vopnafjörður

Verktakafyrirtækið Ljósaland hf.
Háholti 3
Vopnafjarðarhreppur
Hamrahlíð 15

## Egilsstaðir

Austurtak ehf, verktakar
Bjarkargrund 1-3
Bókhaldsþjónusta Þórhalls
Haukssonar
Miðvangi 1
Bólholt hf.
Lagarfelli 10
Dagsverk ehf.
Við Vallarveg
Eskfirðingur ehf.
Furuvellir 4
Fjalladýrð
Möðrudal
G. Ármannsson ehf.
Ártröð 12
Gistihúsið Egilsstöðum
Egilsstöðum 1
Hótel Egilsstaðir ehf
Skógarlöndum 3
Kaupfélag Héraðsbúa
Kaupvangi 6
Myllan ehf.
Miðási 12
Rafholt Austurland ehf
Kaupvangi 23 b
Skógrækt ríkisins
Miðvangi 2-4
Sólskógar ehf.
Kaldá
Trésmiðja
Guðna Þórarinssonar
Mássel
Ökuskóli Austurlands
Lagarfelli 11

## Seyðisfjörður

RKÍ Seyðisfjarðardeild
Norðurgötu 10
Seyðisfjarðarkaupstaður
Hafnargötu 44
Sýslumaðurinn á Seyðisfirði
Bjólfsgötu 7
Þvottatækni ehf.
Strandavegi 21

## Reyðarfjörður

Þvottabjörn ehf.
Búðareyri 25






Arnór L. Pálsson
framkvæmdastjóri

Ísleifur Jónsson
útfararstjóri

Frímann Andrésson
útfararþjónusta

Svafar Magnússon
útfararþjónusta

REYNSLA • UMHYGGJA • TRAUST

Hugrún Jónsdóttir
útfararþjónusta

Guðmundur Baldvinsson
útfararþjónusta

Þorsteinn Elísson
útfararþjónusta

Ellert Ingason
útfararþjónusta

*Þegar andlát ber að höndum*

*Önnumst alla þætti útfararinnar*

ÚTFARARSTOFA KIRKJUGARÐANNA

ÚTFARARSTOFA
KIRKJUGARÐANNA

Vesturhlíð 2 • Fossvogi • Sími 551 1266 • www.utfor.is

Starfsgreinasamband Íslands

KFC

WWW.FLUTNINGUR.IS
575 3000

FORTIS

RAFTÁKN

RANGÁRÞING VESTRA

REYKJALUNDUR
Plastiðnaður

RAFMENN
ORKA AÐ NORÐAN

# Öldungamót ÍSL í innanhússknattspyrnu haldið á Ísafirði



# Ég ætla, get og skal, og það tókssssst

*Á þessum tímamótum stóðu menn fyrir heilmiklum heilabrotum um hvað gera skyldi. Jú, viti menn, einhverjum snillingnum datt í hug að við skyldum bara drífa í þessu og keyra vestur – það væri ómögulegt að slaufa mótinu í enn eitt skiptið og að það væri eina rétta í stöðunni – líka gagnvart þeim sem eru að halda mótið og þeirra lögreglumanna sem voru langt komnir keyrandi.*

**Kæru félagar. Það lifnaði heldur betur yfir manni þegar kom tilkynning í tölvupósti um að Öldungamótið í innanhússknattspyrnu yrði að veruleika þar sem því hafði verið frestað árið 2007. Tímasetningu var skellt á og þá var bara að skrá sig og vera með.**

Það var í höndum lögreglunnar á Ísafirði að halda mótið og dagsetningin var dagana 29. febrúar og 1. mars 2008. Þvílík vellíðan sem rann um æðar líkamans þegar maður sá fram á að geta tekið aðeins á því í boltanum og hitt félagana úr hinum liðunum. Það er nú ekki leiðinlegt. Dagurinn rann upp og allt orðið klárt í töskunni svo nú var bara að koma sér á staðinn en reyndar var mótið haldið á Ísafirði og á þessum tíma þannig að maður hugsaði jú hví ekki? þrátt fyrir tímasetninguna. Núna var bara að slá til og láta þetta verða að veruleika. Fengum þær upplýsingar að sex lið hefðu skráð sig til keppni og að tvö þeirra ætluðu að keyra, en þrjú ætluðu að fljúga, fara auðveldu leiðina – þið skiljið. Easy going. Áttum pantað flug rétt eftir hádegi á föstudeginum og allt í góðum málum.

Stemmningin var í hámarki og allt orðið klárt – bara renna út á Reykjavíkurflugvöll og skella sér á Ísafjörð. Á Reykjanesbrautinni á leiðinni út á flugvöll voru menn að spá í liðin og hver ætti að vera með hverjum í herbergi og allt þetta þið skiljið hvað ég meina – gríðarleg spenna í loftinu. Líðanin var eins og maður væri lítill strákur að fara í sína fyrstu ferð til útlanda með mömmu og pabba. Ja, það má segja kannski að þetta hafi verið þannig alla vega miðað við meðalaldurinn í bílnum sem var frekar hár. Á Reykjavíkurflugvelli lentum við rétt um hádegi og töskurnar settar á færibandið og félagarnir úr Reykjavík tóku vel á móti okkur – það voru allir greinilega í góðum gír og spenntir fyrir helginni. Á flugvellinum, á meðan maður beið eftir fluginu, fór maður í fríhöfnina, fékk sér að borða og allur pakkinn. Einhverjir fengu sér Pepsi MAX fyrir flugið þar sem einhverjir eru flughræddir – þið skiljið – svo er það líka sykurlaust.

Þá var komið að því að fara út í vél því tími var kominn á flugið. Maður skellti Pepsíinu í sig í einu grænum og allt klárt. Nei, viti menn, fluginu frestað til 14:30, skrítið eða nei kannski ekki, æ, jú við erum víst að reyna fara vestur alveg rétt. Jæja þá var bara að reyna halda haus og bulla svolítið í félögunum til að drepa tímann. Tíminn leið fljótt því allir voru svo spenntir fyrir helginni – já bara skemmtilegir strákar þarna saman komnir. Eitthvað var Pepsíið farið að láta vita af sér því klósettferðirnar voru farnar að verða ansi margar á þessum tíma. Litið var á skjáinn um 14:30 en viti menn, búið að fresta fluginu vestur til kl. 16:00. Jæja það þýddi ekkert að hengja haus, bara halda áfram að vera jákvæður og líta á björtu

hliðarnar í þessu öllu saman. Tókum púlsinn á þeim félögum sem lögðu af stað snemma um morguninn akandi og voru þeir bara í góðum málum einhvers staðar á leiðinni. Já, maður hugsaði til þess að við sem ætluðum að hafa það svo gott og fljúga og vera komnir langt á undan þeim sem fóru akandi.

Þá voru það næstu tíðindi kl. 16:00 og biðu menn spenntir að vita hvað yrði þá. Jú, viti menn fluginu aflýst vegna veðurs. Á þessum tímamótum stóðu menn fyrir heilmiklum heilabrotum um hvað gera skyldi. Jú, viti menn, einhverjum snillingnum datt í hug að við skyldum bara drífa í þessu og keyra vestur – það væri ómögulegt að slaufa mótinu í enn eitt skiptið og að það væri eina rétta í stöðunni – líka gagnvart þeim sem eru að halda mótið og þeirra lögreglumanna sem voru langt komnir keyrandi. Jú, allir klárir í bátana eins og einhvers staðar var sagt og menn fóru að redda sér bílaleigubílum á flugvellinum og hringja í konuna og allt þetta vesen, þið vitið hvað ég meina. Fengnir voru fjórir bílaleigubílar og farangrinum komið vel fyrir þannig að vel færi um alla í bílnum á leiðinni. Maður skreppur ekki vestur eins og menn vita. Þetta eru meira blóð, sviti, tár og heilmikil þolinmæði sem þarf að vera til staðar.

Aðeins einn dró sig í hlé og var ekki tilbúinn að keyra því hann átti pantaðan tíma í ljósum sem hann hafði víst frestað einu sinni áður. Það voru víst nýjar perur í bekknum. Allir skildu viðkomandi mjög vel enda lögreglumenn þarna á ferð. Það fylgir starfinu að vera svona skilningsríkur og umburðarlyndur eins og allar löggur vita. Þetta var alla vega það sem manni var sagt í skólanum.

Leiðin vestur gekk bara nokkuð vel og eins og venjan er var stoppað nokkrum sinnum á leiðinni til að nærast og tæma blöðruna. Komum til Hólmavíkur rétt fyrir miðnætti og stoppuðum í sjoppunni og fengum okkur smá í svanginn. Útlitið var ekki gott með framhaldið þar sem ófært var frá Hólmavík og áfram vestur. Stór flutningabíll stoppaði við sjoppuna og sagði bílstjórinn að ófært væri fyrir fólksbíla og aðra bíla frá Ísafirði og að Hólmavík. Hann hafi með naumindum komist í gegn áður en allt lokaðist.

Því var ekkert annað í stöðinni en að gista þarna yfir nóttina og sjá til daginn eftir eða snúa við. Ekki voru nú menn tilbúnir að snúa við þar sem menn voru nú búnir að leggja heilmikið á sig framan af til þess að komast alla leið. Ákveðið var að gista og sjá hvað morgundagurinn bæri í skauti sér. Fengum gistingu á gistiheimili rétt áður en komið er inn á Hólmavík á stað sem heitir Kirkjuból. Tekið var vel á móti okkur en það var hún Ester húsfreyja sem bjó um okkur en hún býr á Kirkjubóli. Hún á víst yndislegan mann – svo segir Bjössi Bjartmarz alla vega, hann á víst fullt af góðum frænkum hér og þar.

Menn komu sér fyrir og síðan settust menn í setustofuna og fóru yfir stöðu dagsins og allt það sem gengið hafði á á leiðinni. Þvílíkt og annað eins – það er greinilegt að menn eru tilbúnir að leggja ansi mikið á sig til þess að hitta mann og annan og eltast við fótboltatuðru. Eftir erfiði dagsins fengu menn sér einn kaldan eða tvo og málin voru rædd í þaula. Flestir voru svo upptjúnaðir eftir daginn að menn gátu ekki sofnað fyrr en seint og síðanmeir, enda voru menn að plana næsta dag sem er mjög skiljanlegt. Einhverjir náðu klukkutíma svefni og styttist óðum í morgunmatinn hjá Ester sem var klukkan 7 um morguninn. Menn mættu misjafnlega hressir í morgunmatinn þar



sem Pepsíið sykurlausa fór eitthvað vitlaust í menn, en svo var bara að koma sér í gírinn og horfa fram á veginn og vera jákvæður, en það er eitthvað sem við erum mjög góðir í – ekki satt, alltaf stutt í gleðina.

**Laugardagur**

Lagt var af stað strax eftir morgunmatinn eða upp úr átta og haldið sem leið liggur vestur. Svaka stemmning var í bílnum enda menn með mislangan svefn eftir erfiði næturinnar kvöldið áður. Einhverjir voru með hausverk og allt sem því fylgir og voru menn alveg vissir um að rúmin ættu einhvern þátt í því. Maður fær víst oft í höfuðið ef rúmin eru eitthvað farin að þreytast, sennilega ekki springdýnur í þessum rúmum á Kirkjubóli.

Ekki fórum við hratt yfir þar sem færðin var ekki upp á marga fiska og var meðalhraðinn oft á tíðum svona á milli 30 og 60 km, einhverjir voru í erfiðleikum og voru nánast búnir að festa sig. Stundum var skyggnið þannig að menn voru að leita að stikum í vegkantinum til að vera alveg vissir að við værum enn þá á veginum, ekkert traustvekjandi þar sem hundruð eða tugir metra voru niður í sjó. Á þessum stundum var gott að sitja í miðjusætinu aftur í.

Loks fórum við að sjá fyrir endann á því að geta haldið þokkalegum hraða á tímabili en þá sáum við fram undan stóran flutningabíl fastan í miðri brekkunni á Steingrímsfjarðarheiðinni. Tók það hátt í tvo tíma að losa hann áður en við gátum haldið förinni áfram. Menn þurftu því að nýta tímann vel í bílnum á meðan og þá var gott að vera með fræðslutímarit með í för. Þar sem það var bara um eitt tímarit að ræða skiptumst við á að lesa blaðið og skoða þær yndislegu myndir sem blaðið hafði upp á að bjóða. Þetta gladdi nú aldeilis mannskapinn og er alveg óhætt að segja að hver einasta mynd og stafur í blaðinu var skoðaður eða lesinn til hins ýtrasta.

*Útlitið var ekki gott með framhaldið þar sem ófært var frá Hólmavík og áfram vestur. Stór flutningabíll stoppaði við sjoppuna og sagði bílstjórinn að ófært væri fyrir fólksbíla og aðra bíla frá Ísafirði og að Hólmavík. Hann hafi með naumindum komist í gegn áður en allt lokaðist.*

***Bátsferðin tók um tuttugu mínútur og var bara skemmtileg viðbót við allt annað sem gengið hafði á. Þetta var nú bara***

Langleiðina upp Steimgrímsfjarðarheiðina vorum við í fylgd veghefils sem ruddi veginn fyrir okkur – án hans hefðum við ekki komist lönd né strönd. Veghefillinn átti bara að fara að ákveðnum stað og snúa við því hinum megin frá í firðinum átti annað snjómoksturtæki að koma á móti. Þetta er greinilega svona svæðaskipt eins og með lögguna – menn þekkja dæmið eins og með hvaða svæði Borgarneslögreglan sér um og hvaða svæði Akraneslögreglan sér um. Ekki leit út fyrir að annað snjómoksturtæki kæmi hinum megin frá en í för með okkur var maður frá Vegagerðinni sem sér um Vestfirðina og var ákveðið að veghefillinn myndi halda áfram að ryðja leiðina fyrir okkur. Ekki fórum við hratt yfir en hann fór aldrei yfir 30 km hraða á klst. Þetta voru yndislegir klukkutímar fram undan. Það var nú eins gott að mórallinn í bílunum var yndislegur og menn búnir að bryðja heilu boxin af gleðitöflum á leiðinni. Síðan voru það sögurnar í bílunum sem héldu mönnum jákvæðum og glöðum, án þeirra hefðu menn sennilega þurft að flakka á milli bíla til að halda sönsum. Með okkur í för voru nokkur önnur ökutæki eða um 7 til 8 bílar. Í einum þeirra voru eldri hjón sem einhverjir lögreglumenn könnuðust við og tóku þau bara vel í það þótt við hefðum þurft að stoppa nokkrum sinnum til að kasta vatni, en það vill oft gerast á svona langferðum þegar menn drekka mikið Pepsi. Á beina kaflanum í Mjóafirði náðum við upp hraðanum og gáfu Reykvíkingarnir þá heldur betur í en það dugði ekki lengi því þeir óku í holu sem við reyndar allir gerðum en við það sprakk á afturdekki hjá Reykvíkingunum. Menn voru svo ákafir í að halda för sinni áfram því við vorum komnir á heilmikið skrið á þessum tímapunkti, þannig að samstaðan var ekki mikil og ókum við allir hinir fram hjá þeim reykvísku löggum og bara veifuðum þeim. Ingólfur var fremstur í flokki á Suzuki Vitara og náðum við honum við bæinn Ögur en þar var stór og mikill snjóblásari sem blés snjónum upp í loftið en ekki

*Þetta voru yndislegir klukkutímar fram undan. Það var nú eins gott að mórallinn í bílunum var yndislegur og menn búnir að bryðja heilu boxin af gleðitöflum á leiðinni.*


## Eftirtaldir aðilar óska lögreglumönnum velfarnaðar í starfi

### Eskifjörður

Fjarðaþrif ehf.
Kirkjustíg 2
Kría veitingasala ehf.
Skammadal 2

### Neskaupstaður

Fjarðalagnir ehf.
Nesbakka 14
Hótel Capitano
Hafnarbraut 50
Laufskálinn ehf.
Nesgötu 3
Léttir hf.
Miðstræti 25

### Fáskrúðsfjörður

Vöggur ehf.
Grímseyri 11
Vöruflutningar Óskars
Gunnarssonar
Skólavegi 64a

### Breiðdalsvík

Héraðsdýralæknir
Austurlandsumdæmis syðra
Ásvegi 31

### Djúpivogur

RKÍ Djúpavogsdeild
Borgarlandi 30

### Höfn

Ferðaþjónustan
Stafafell í Lóni
Í Lóni
Hornabrauð ehf
Dalbraut 10
Kaffi Hornið ehf
Hafnarbraut 42
Króm og hvítt ehf.
Álaleiru 7
Skinney - Þinganes hf.
Krossey

### Selfoss

A.B. skálinn ehf.
Gagnheiði 11
Bílaþjónusta Péturs ehf.
Vallholti 17
Bílverk BÁ ehf.
Gagnheiði 3
Bjarnabúð
Brautarhóli,Biskupst
Borgarhús hf.
Minni-Borg, Grímsnesi
Bókaútgáfan Björk
Birkivöllum 30
Byggingafélagið Laski ehf.
Bakkatjörn 7
Garpar ehf.
Reykjakoti 2,
Gljúfurbústaður ehf
Gljúfri
Guðnabakarí ehf. Café konditori
Austurvegi 31b
Holræsa- og stífluþjónusta
Suðurlands ehf.
Miðtúni 14
Hótel Geysir ehf.
Haukadal
Hótel Gullfoss
Brattholti
Jeppasmiðjan ehf.
Ljónsstöðum Sandv.hreppi
Ketilbjörn ehf
Syðri Reykir
Kristján Kristjánsson &co
Smágröfuþjónustan í Grím
Háagerði
Kökugerð H.P. hf.
Gagnheiði 15
Litla kaffistofan ehf
Litli Jón ehf. (Hrói Höttur)
Austurvegi 22
Múrfag ehf.
Starmói 3
Nesey ehf.
Suðurbraut 7
Pizzavagninn ehf.
Laxárdal 2a
Plastiðjan hf.
Gagnheiði 17
Rafmagnsverkstæði
Jens og Róberts
Laugarási 1
Renniverkstæði
Björns Jenssen
Austurmýri 4
S.G. hús hf.
Austurvegi 69
Selós ehf
Eyravegi 51
Skálholtsstaður
Sýslumaðurinn á Selfossi
Hörðuvöllum 1
Tindaborgir ehf.
Gagnheiði 55
Verslunin Íris, Kjarnanum
Austurvegi 3-5
Vélgrafan ehf.
Gagnheiði 49
Vélsmiðja Suðurlands ehf
Gagnheiði 5
Þingvellir ehf
Valhöll, Þingvöllum

### Hveragerði

Bílaverkstæði
Jóhanns Garðarssonar
Austurmörk 13
Eldhestar ehf. - Vellir Ölfusi
Völlum, Ölfusi
Garðyrkjustöð Ingibjargar ehf.
Heiðmörk 38
GSB ehf.
Kjarrheiði 11
Heilsustofnun N.L.F.Í.
Grænumörk 10
Plastmótun hf.
Lækur ÖlfusiÁrness.
Raftaug ehf.
Borgarheiði 11 h
Örkin veitingar
Breiðumörk 3c

### Þorlákshöfn

Erta ehf.
Skálholtsbraut 11
Frostfiskur ehf.
Hafnarskeiði 6
Jeppar og járn ehf
Oddabraut 5
Steinsteypusögun Snæfelds ehf.
Egilsbraut 10
Sveitarfélagið Ölfus
Ráðhúsinu Hafnarbergi 1
Verslunin Ós
Knarrarbergi 2

### Stokkseyri

Flóð og fjara ehf
Eyrarbraut 3a
Kajakferðir
Blómsturvöllum 6

### Laugarvatn

Ásvélar ehf.
Hrísholti 11

### Flúðir

Áhaldahúsið Steðji
Smiðjustíg 2
Flúðaleið ehf.
Vesturbrún 15
Flúðasveppir ehf.
Undirheimum
Gröfutækni ehf.
Smiðjustíg 2
Kaffi-Sel
Efra-Seli
Vélaverkstæðið
Klakkur
Smiðjustíg 6

### Hella

Bílaverkstæðið Rauðalæk ehf.
Lækjarbraut 4
Gróðrastöð Birgis
Hrafntóftum
Pakkhúsið ehf.
Byggingavöruversl.
Suðurlandsvegi 4
Rangá ehf.
Suðurlandsvegi
Rangárþing ytra
Suðurlandsvegi 1
Varahlutaverslun
Björns Jóhannssonar
Lyngási 5, Box 1
Verkalýðsfélag Suðurlands
Suðurlandsvegi 3
Vörufell
Rangárbakka II

### Hvolsvöllur

Eining sf.
Gularási
Ferðaþjónusta bænda
Ásólfsskála
v/Eyjafjöllum
Gallery Pizza
Hvolsvegi 29
Hellishólar ehf. - Fljótshlíð
Hellishólum
Sýslumaðurinn á Hvolsvelli
Austurvegi 6

### Vík

Auðbert og Vigfús Páll ehf.
Sunnubraut 15
Mýrdalshreppur
Austurvegi 17

### Kirkjubæjarklaustur

Bifreiðaverkstæði Gunnars
Valdimarssonar
Iðjuvöllum 3
Icelandair Hotel Klaustur
Klausturvegi 6

### Vestmannaeyjar

Bifreiðaverkstæði Muggs
Strandvegi 65 Box 415
Bílaverkstæði Sigurjóns
Flötum 20
Eyjablikk ehf.
Flötum 27
Frár ehf.
Hásteinsvegi 49
Gæfa ehf
Illugagötu 7
Ísfélag Vestmannaeyja hf.
Strandvegi 28
Pétursey ehf
Flötum 31
RKÍ Vestmanaeyjadeild
Hilmisgötu 11
Stígandi hf.
Básaskersbryggju 3
Tollvarðafélag Íslands
Hrauntúni 34
Tölvun ehf
Strandvegi 54
Verslunin Miðbær sf.
Miðstræti 14
Volare
Vesturvegi 10
Vöruval ehf.
Vesturgegur 18

*punkturinn yfir i-ið til að toppa ferðalagið.*



vildi betur til en að hann blés stóru grjóti upp í loftið og skall það á framrúðunni hjá Ingó og co. Þar sem við erum nú löggur var ekkert annað til ráða en að fylla út tjónaform vegna þessa. Þannig að á þessum kafla vorum við með brotna framrúðu í einum bíl og annan á aumingjavaradekki eftir að hafa ekið ofan í holu. Ekki var allt búið enn þá því þegar við komum loksins á Súðavík eftir miklar svaðilfarir og skemmtilegheit stoppuðum við á bensínstöð á og þá sáum við að bíllinn sem var með aumingjavaradekkið var allur beyglaður að aftan en þá hafði hann á leiðinni þurft að hemla snögglega því stundum stoppaði veghefillinn einhverja hluta vegna en þá fengu þeir gömlu hjónin aftan á sig. Já, svona er þetta bara í lífinu ef maður passar ekki bilið á milli ökutækja. Var þetta tjón eins og annað afgreitt með tjónaformi á bensínstöðinni. Jæja, nú fórum við að sjá fyrir endann á þessum ósköpum öllum og héldum að restin yrði auðveld en svo var nú ekki því snjófljóð hafði fallið í Súðavíkurhlíð og var hún lokuð vegna þessa. Á þessum tímapunkti var okkur öllum lokið, nánast komnir á áfangastað en þá var það enn ein hindrunin. Það var hræðilegt að hugsa til þess að við þyrftum jafnvel að snúa við komnir þetta langt á leið. Nei, sögðum við og alla leið skulum við fara. Stuttu síðar var okkur tilkynnt að það væri bátur að koma frá Ísafirði að sækja okkur til Súðavíkur og flytja okkur yfir til Ísafjarðar. Þá hugsaði maður ja, þetta ætlar að vera heldur betur sögulegt að komast alla leið. Já, það er mikið á sig lagt, það er alveg ljóst. Bátsferðin tók um tuttugu mínútur og var bara skemmtileg viðbót við allt annað sem gengið hafði á. Þetta var nú bara punkturinn yfir i-ið til að toppa ferðalagið. Jæja, þetta var nú ekki alveg búið því að um borð í bátnum sat fullt af fólki í borðsalnum og sat gamla konan sem var í bílnum sem ók aftan á einn af bílum Reykvíkinganna við hliðina á mér og skyndilega fann ég gríðarlegan þrýsting í mallakútnum – það eina í stöðunni var að láta vaða. Ég hugsaði að hún myndi ekkert fatta það þótt ég léti það vaða því það voru svo margir í borðsalnum. Jæja, ég lét vaða og í sama mund stökk sú gamla upp úr sætinu og ja, hver þremillinn og fleygði sér í gólfið. Síðan sá maður alla aðra í borðsalnum taka við sér og þá var það alveg ljóst hver var að verki. Þeirri gömlu var hjálpað upp úr gólfinu og lét þetta að lokum ekki hafa mikil áhrif á sig – greinilega ýmsu vön á sinni lífsleið og settist hjá kallinum eins og ekkert hafi í skorist. Við horfðumst í augu ég og sú gamla og glotti hún út í annað.

Loks var lagst að bryggju á Ísafirði og þar beið okkar stór bifreið frá sérsveit RLS sem skutlaði okkur beint upp í íþróttahús og strax var farið í að spila knattspyrnu – ekki seinna vænna því klukkan var að ganga fimm og óðum styttist í lokahófið. Allir spiluðu við alla og mátti greinilega sjá að eftir allt ferðalagið og það sem því fylgdi voru menn kannski ekki alveg að sýna sínar bestu hliðar en samt ótrúlega sprækir miðað við allt. Eftir fótboltann var drifið í fataskiptum og farið á lokahófið sem haldið var á Kaffi Edenborg. Þar fór fram verðlaunaafhending og var borinn fram dýrindismatur. Þar skemmtu menn sér fram eftir nóttu eins og þeim er einum lagið.

Farið var af stað heim á leið kl. 10 á sunnudagsmorguninn eftir að menn höfðu fengið sér góða morgunhressingu á hótelinu. Heimferðin gekk vel enda búið að ryðja leiðina og því engar hindranir. Það tók nú ekki nema níu klukkustundir að keyra heim á leið en tíminn var fljótur að líða þar sem menn voru búnir að vera það mikið saman frá föstudegi til sunnudags annaðhvort í bíl eða á hóteli, þá aðallega í bíl, að þeir voru orðnir ansi nákomnir oft á tíðum. Menn voru komnir á trúnó og allur pakkinn. Menn voru farnir að segja frá sinni fyrstu kynlífsreynslu og með hverri eða hverjum og hvar og ég veit ekki hvað og hvað. Alveg ótrúlegt hvað menn náðu vel saman og trúðu félögunum fyrir hinum dýpstu leyndarmálum og skiptust á reynslusögum út í eitt. Ja, þetta er alla vega það sem maður heyrði að hafi gerst, svo segja strákarnir. Þetta hefur verið eins og kom fyrir sjómenn þegar þeir fóru í Smuguna á sínum tíma. Þá voru menn víst farnir að girnast hver annan eftir svona mikla samveru í litlu rými. Það er víst ýmislegt sem sagt er og gerist í litlu rými á löngum tíma.

Þess má til gaman geta að fólki var bent á að ekki væri ráðlagt að ferðast á Vestfjörðum vegna snjóflóðahættu og ófærðar en lögreglumenn létu það ekki á sig fá og héldu af stað. Kom það fram í fréttum síðar þennan dag að hópur manna væri fastur og í miklum vandræðum á leiðinni og væri að berjast við að reyna að komast til Ísafjarðar. Síðar fylgdi fréttinni að þarna væri um að ræða hóp lögreglumanna frá höfuðborgarsvæðinu og Suðurnesjum. Gáfulegt eða hitt þó heldur. Það hefur verið hlutverk lögreglumanna að ráðleggja fólki að vera ekki á ferðinni ef eitthvað er að veðri en það átti ekki við í þessu tilviki.

Í gegnum tíðina hafa lögreglumenn þurft að leggja ýmislegt á sig til að komast leiðar sinnar á fótboltamót innan lögreglunnar. Sumir hafa þurft að snúa við og aðrir þurft að gista í bílum eða á gistiheimilum áður en komið er á áfangastað. Menn eru sammála um að þessi ferð sé sú sögulegasta til þessa sem menn hafa upplifað til að komast alla leið. Menn voru einnig sammála um það að eftir þessar hremmingar og svaðilfarir þýðir ekkert fyrir lögreglumenn að segjast ekki komast vegna ófærðar eða vegna annarra orsaka – það er alveg ljóst.

Já, maður hefur tekið þátt í mörgum mótum í gegnum tíðina í lögreglunni og þurft að hafa virkilega fyrir hlutunum en það toppar ekkert af þeim ferðalögum þetta ferðalag vestur á Ísafjörð. Já, menn leggja mikið á sig til að geta hitt félagana og átt með þeim góðar stundir. Allt þetta erfiði var þess virði. Hvílíkur dugnaður og áræði – þetta var sko samvinna og samstaða í lagi. Þetta var svona eins og einhvers staðar stendur, „Ég ætla, get og skal," og það tóksssssst. Kæru félagar, takk kærlega fyrir góðar samverustundir og skemmtilegheit.

***Kris from Iceland***

*Kom það fram í fréttum síðar þennan dag að hópur manna væri fastur og í miklum vandræðum á leiðinni og væri að berjast við að reyna að komast til Ísafjarðar. Síðar fylgdi fréttinni að þarna væri um að ræða hóp lögreglumanna frá höfuðborgarsvæðinu og Suðurnesjum.*



# Landsmót lögreglumanna í golfi

*Haldið á Akranesi 7. ágúst 2008*

**Skagamenn buðu unnendur golfíþróttarinnar úr röðum lögreglumanna velkomna á Leynisvöll að morgni dags og var fyrsta holl ræst út kl 11. Þrjátíu og tveir lögreglumenn og einn gestur skráðu sig til leiks. Veður var hagstætt, logn og hlýtt. Að vísu gerði úrhellisrigningu í stutta stund en menn létu það ekkert á sig fá.**

Lögreglustjórinn á Akranesi bauð svo keppendum upp á heita súpu, brauð og vermandi drykk þegar þeir náðu höfn. Bestu tilþrif mótsins átti án nokkurs efa Óskar Bjartmarz sem jafnframt því að spreyta sig við golfíþróttina reyndi við Íslandsmet í langstökki með því að stökkva yfir skurð. Gekk þokkalega fyrri ferðina en öllu verr þegar hann þurfti að komast til baka. Báru skór og buxur upp að hnjám hið minnsta þess glögg merki. Auk þess reyndist hann duglegri en aðrir í mótinu og sló boltann mun oftar en aðrir.

**Efstu menn voru eftirfarandi:**

***Án forgjafar:***

| | |
|---|---|
| *A-flokkur ( forgjöf 0 –14,4 )* | |
| Sigurbjörn Þorgeirsson | 70 högg |
| Óskar Halldórsson | 78 högg |
| Birgir Már Vigfússon | 79 högg |
| *B-flokkur ( forgjöf 14,5 – 28,4 )* | |
| Theodór Kristjánsson | 84 högg |
| Guðbrandur Hansson | 97 högg |
| Jóhann Karl Þórisson | 98 högg |
| *C-flokkur ( forgjöf 28,5 og hærra )* | |
| Oddur Ólafsson | 106 högg |
| Garðar Axelsson | 126 högg |
| Hrafn Ásgeirsson | 132 högg |








*Öldungar 50 ára og eldri:*

| | |
|---|---|
| Óskar Þórmundsson | 92 högg |
| Arnar Guðmundsson | 98 högg |
| Sigurður Benjamínsson | 99 högg |

*Heldri menn 65 ára og eldri:*

| | |
|---|---|
| Þorsteinn Steingrímsson | 92 högg |



*Með forgjöf:*

*A-flokkur*

| | |
|---|---|
| Sigurður Árni Reynisson | 72 högg |
| Friðrik K. Jónsson | 75 högg |
| Gunnar Schram | 77 högg |

*B-flokkur*

| | |
|---|---|
| Kristján Ó. Guðnason | 82 högg |
| Óskar Sigurðsson | 88 högg |
| Hrafn Árnason | 91 högg |

*Öldungar:*

| | |
|---|---|
| Kristinn Pedersen | 87 högg |
| Guðmundur Sigmundsson | 95 högg |
| Óskar Bjartmarz | 107 högg |

**Úrslit í sveitakeppni:**

**Suðurnes A**

| | |
|---|---|
| Friðrik K. Jónsson | 80 högg |
| Annel Þorkelsson | 2 högg |
| Óskar Halldórsson | 78 högg |
| Samtals | 240 högg |

**LSR**

| | |
|---|---|
| Arnar Guðmundsson | 98 högg |
| Birgir Már Vigfússon | 79 högg |
| Sigurbjörn Þorgeirsson | 70 högg |
| Samtals | 247 högg |

**Suðurnes B**

| | |
|---|---|
| Gunnar Schram | 82 högg |
| Jóhannes Harðarson | 88 högg |
| Gunnar Björnsson | 95 högg |
| Samtals | 265 högg |

Pétur Steinar Jóhannesson fv. varðstjóri í lögreglunni á Akranesi sá um skipulagningu mótsins og hafði sér til aðstoðar undirritaðan sem hafði ekkert vit á golfíþróttinni en er nokkru vísari nú.

***Jón S. Ólason, yfirlögregluþjónn á Akranesi***





# Lögregluskólamót Norrænu sakamálabókarinnar

**Tampere Finnlandi 26. apríl 2008**

**Mótið var að þessu sinni haldið í Finnlandi, nánar tiltekið í Lögregluskólanum í Tampere 26. apríl 2008.**

Keppt var í þremur greinum: Dúelskot á 15 m færi með 9 mm skammbyssu, 100 m sund kvenna og 200 m sund karla, 2000 m víðavangshlaup kvenna og 3000 m víðavangshlaup karla.

**Keppendur voru:**
Guðrún Helga Tryggvadóttir
Margrét Þóra Guðmundsdóttir
Harpa Albertsdóttir
Heiðar Ingi Heiðarsson
Birgir Már Vigfússon
Kjartan Páll Sæmundsson
Bergsteinn Karlsson
Hinrik Geir Jónsson

Liðsstjóri: Aðalsteinn Bernharðsson
Fararstjóri: Óskar Sigurpálsson

Lagt var af stað á fimmtudagsmorgni, þar sem talsverðan tíma tekur að komast til Tampere. Skotæfingar voru skipulagðar á föstudegi fyrir hvert land og einnig var mótið sett þá um kvöldið af Jan-Erik Björkgård sem stjórnaði síðan mótshaldi af mikilli röggsemi.

Á laugardagmorgni hófst mótið á skotfimi og var þá búið að draga löndin í riðla. Við lentum í síðasta riðli og hófum því keppni kl. 11:00. Skotið hjá okkar fólki gekk nokkuð eftir væntingum, þrátt fyrir nokkra taugaspennu. Harpa náði 183 stigum og Heiðar Ingi 187 stigum sem gefur yfir 1000 stig samkvæmt stigatöflu.

Í sundinu náði Birgir þriðja sæti á 2,39,0 og Bergsteinn fjórða á 2,39,2 sem er árangur vel yfir 1000 stig. Okkur gekk síðan ágætlega í hlaupinu og voru flestir að hlaupa nærri sínum bestu tímum. Bestum heildarárangri náði Birgir Már, 6. sæti, með 2868 stig. Sá sem vann, Wictor Sundlé frá Svíþjóð, var með 3426,0 stig. Í kvennakeppninni sigraði Pernilla Karman einnig frá Svíþjóð með 3052,0 stig.

Mótið var í alla staði mjög vel skipulagt, aðbúnaður og öll aðstaða til fyrirmyndar.

Að keppnisdegi loknum var boðið til kvöldverðar í mötuneyti Lögregluskólans, þar var snæddur dýrindiskvöldverður og afhent verðlaun fyrir keppnina. Eftir það áttu liðin saman skemmtilega kvöldstund.

***Aðalsteinn Bernharðsson***

## *Árangur okkar fólks í keppninni var þessi:*

| | Skot/stig | Sund/stig | Hlaup/stig | Samtals/sæti |
|---|---|---|---|---|
| Birgir Már Vigfússon | 184/1060 | 2,39,0/1008,0 | 11,27/800 | 2868,0 / 6 sæti |
| Heiðar Ingi Heiðarsson | 187/1105 | 3,07,7/778,4 | 11,22/820 | 2703,4 / 9 sæti |
| Bergsteinn Karlsson | 158/672 | 2,39,2/1006,4 | 11,39/752 | 2430,4/16 sæti |
| Kjartan Páll Sæmundsson | 169/835 | 3,31,5/588,0 | 11,49/712 | 2135,0/19 sæti |
| Hinrik Geir Jónsson | 163/745 | 4,17,6/219,2 | 11,40/748 | 1712,2/23 sæti |
| Harpa Albertsdóttir | 183/1045 | 1,45,0/650 | 9,23/635 | 2330,0/11 sæti |
| Margrét Þ Guðmundsdóttir | 163/745 | 1,46,4/636 | 8,34/880 | 2261,0/12 sæti |
| Guðrún H Tryggvadóttir | 156/644 | 1,44,9/651 | 8,19/955 | 2250,0/13 sæti |

# Sjötti sigurinn í röð hjá RLS



**Það voru níu lið sem mættu í Íþróttahúsið í Njarðvík helgina 25. og 26. apríl til að taka þátt í Íslandsmóti lögreglunnar í innanhússknattspyrnu fyrir árið 2008. Liðin sem mættu utan af landi voru frá Akranesi, Borgarnesi, Landinu og Suðurnesjum. Að auki voru þrjú lið frá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu og voru það A-liðið þeirra, eitt lið frá fíknó og eitt lið samanstóð af lögreglumönnum með 06 lögreglunúmer og gekk það auðvitað undir nafninu 600 kallarnir. Svo var RLS með tvö lið og voru þau einfaldlega A og B lið. Eins og áður sagði var keppt í Íþróttahúsinu í Njarðvík og þó að völlurinn sé kannski nokkuð lítill er önnur aðstaða öll til fyrirmyndar og fór mjög vel um mannskapinn á mótinu.**

**Spennandi keppni milli Suðurnesja og RLS**

Það var Jóhann R. Benediktsson, lögreglu- og tollstjóri á Suðurnesjum, sem setti mótið á föstudeginum og síðan tóku menn til óspilltra málanna við að spila fótbolta. Spilað var á föstudeginum frá klukkan rúmlega fimm þangað til tíu um kvöldið. Byrjað var aftur á hádegi á laugardeginum og mæltist það vel fyrir að byrja ekki fyrr en þá. Það er auðvitað í ljósi þess að keppnishaldarar að þessu sinni eru hoknir af (biturri!) reynslu við það að mæta í misjöfnu ástandi í boltaspil á seinni deginum! Spilað var fram eftir degi á laugardeginum og réðust úrslit ekki fyrr en í næstsíðasta leik sem er auðvitað hið besta mál og eins og hlutirnir eiga að vera. Niðurstaðan eftir vaðandi knattspyrnuiðkun, þar sem nota bene enginn lá í valnum meiddur eða slasaður, var sú að A-lið RLS sigraði og varð Íslandsmeistari lögreglunnar í innanhússknattpsyrnu sjötta árið í röð!. Keppnin var hörð á milli A-liðs RLS og Suðurnesja og skildi að lokum aðeins eitt stig á milli liðanna. Það var svo A-lið lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu sem varð í þriðja sæti.

**Björn á skotskónum**

Það þarf nú svo sem ekkert að koma á óvart að „gamla brýnið" Björn Bjartmarz skuli hafa orðið markakóngur á mótinu. Það hefur víst einhvern tímann gerst áður! En í þetta skiptið gerði hann þetta heldur betur með stæl og skoraði samtals 26 mörk. Það er kannski ekki aðalatriðið heldur hitt að hann gerði samtals 18 mörk í tveimur leikjum! Björn skoraði sem sagt tvisvar sinnum 9 mörk í tveimur leikjum og til að vernda nú þá saklausu skulum við ekkert vera að tala um hverjir mótherjar hans voru í þessum tveimur leikjum! Mjög glæsilegt hjá Birni og óskum við honum til hamingju með það. Maður mótsins var svo kosinn Arnar Geir Magnússon og var hann vel að þeim titli kominn.

**Lokahóf og grill**

Lokahófið var svo haldið í „skálanum" góða við lögreglustöðina í Grænási þar sem mörg lögregluskemmtunin hefur farið fram. Grillað var þar ógrynni af stórsteikum, lambi, svíni og kjúklingi og rann það ljúflega niður í mannskapinn. Sjálfur Hjálmar Hallgrímsson stóð við grillið og sýndi á sér nýja og skemmtilega hlið og enginn annar en Gissur Guðmundsson var hans sérlegi aðstoðarmaður. Stóðu þeir félagarnir vaktina á grillinu og var frammistaða þeirra til fyrirmyndar og eru þeim færðar hér sérstakar þakkir fyrir.

**Ljótustu búningarnir verðlaunaðir**

Bryddað var upp á þeirri nýjung í verðlauna-afhendingunni þetta árið að veita sérstök verðlaun fyrir ljótustu búningana! Það þarf svo sem ekki að koma neinum á óvart sem einhvern tímann hefur séð A-lið RLS spila að þeir einfaldlega rúlluðu upp þessum aukaverðlaunum! Reyndar fengu þeir verðlaun fyrir „áberandi, lang-lang ljótustu" búningana og voru þeir vel að þessum verðlaunum komnir! Reyndar má segja að þeir hafi sigrað á mótinu ÞRÁTT fyrir að vera í þessum ....búningum! Rétt er einnig að taka fram að þessi verðlaun voru ekki afhent í einhverju krónísku tapsársvæli, heldur var þetta ákveðið strax á föstudeginum! Þessi verðlaun voru auðvitað veitt í gamni og það skal tekið fram að enginn RLS-maður meiddist við afhendingu þessara verðlauna!

**Næsta mót í Borgarnesi**

Fram kom í máli Gissurar í lokahófinu að næsta mót fari líklega fram í Borgarnesi að ári. Ég vil að lokum þakka öllum sem komu að mótinu með einum eða öðrum hætti, keppendum, dómurum og þeim sem hjálpuðu til við skipulagningu og framkvæmd mótsins, kærlega fyrir þeirra hlut.

*Fyrir hönd íþróttanefndar*
*Lögreglufélags Suðurnesja,*
*Friðrik K. Jónsson*









# Þing ÍSL 2008

HB GRANDI

Kópavogur

Reykjavíkurborg
Bílastæðasjóður

**Þingið var haldið í Þingsal 8 á Hótel Loftleiðum laugardaginn 17. maí sl. Rétt til þingsetu áttu 25 fulltrúar frá 12 íþróttafélögum/nefndum innan lögreglunnar á landinu. Auk þess áttu stjórnarmenn ÍSL og skoðunarmenn rétt til þingsetu. Til þings mættu 16 fulltrúar frá 7 félögum/nefndum auk stjórnamanna ÍSL, samtals 26 aðilar. Þingforseti var kosinn Pétur St. Jóhannesson fyrrum stjórnarmaður í ÍSL og þingritari Ásmundur Kr. Ásmundsson frá RLS.**

Þingstörf voru hefðbundin og engin sérstök mál voru til afgreiðslu á þinginu. Frá Íþróttafélagi lögreglumanna á Vestfjörðum kom fram hugmynd um að halda þríþrautarkeppni lögreglumanna í Bolungarvík í haust í tengslum við þríþrautarkeppni Vasa 2000 og Heilsubæjarins Bolungarvíkur. Mótið yrði þannig sett upp að hver og einn gæti keppt í öllum greinunum eða 2 – 3 skiptu á milli sín greinunum. Góð hugmynd sem fékk ágætan hljómgrunn og Vestfirðingar hvattir til að framkvæma þetta. Á þinginu var lögð fram skrifleg fyrirspurn frá Baldri Ólafssyni varðandi heimsleika lögreglu og slökkviliðs í Vancouver 2009. Óskað var eftir því að ÍSL skoðaði hvað það gæti lagt af mörkum til að aðstoða þá lögreglumenn, sem hefðu hug á að fara, í fjáröflun og styrkja hópinn til fararinnar. Stjórn ÍSL hefur haft skýra stefnu í þessum málum en það er að taka þátt í samstarfi á vettvangi Norðurlandaþjóðanna og Evrópuþjóðanna eftir efnum og ástæðum hverju sinni. Þingfulltrúar höfðu greinilega ekkert við þessa stefnu að athuga og verður hún því óbreytt. Þess ber að geta að til ÍSL berast ógrynni af upplýsingum og boðum um þátttöku í mótum um allan heim og því ljóst að framboð er meira en eftirspurn. Þá var og samþykkt formlega inngang íþróttadeildar Lögreglufélags Austurlands í ÍSL en stjórnin hafði samþykkt til bráðabirgða inngöngu hennar í ÍSL á tímabilinu.

Stjórn ÍSL var síðan endurkjörin, Óskar Bjartmarz formaður, aðrir stjórnarmenn Guðmundur St. Sigmundsson, Óskar Sigurpálsson, Gissur Guðmundsson, Arinbjörn Snorrason, Sigurður Benjamínsson, Kristján Fr. Geirsson, Friðrik K. Jónsson, Jón S. Ólason, Hafdís Albertsdóttir og Hálfdán Daðason. Undir liðnum önnur mál voru heiðursmerki ÍSL afhent, sjá sér grein um það. Að þingi loknu var öllum þingfulltrúum og gestum boðið til matar í Víkingasal Hótel Loftleiða í boði ÍSL.

## Heiðursviðurkenningar ÍSL 2008

**Gullmerki:**

- Jóhann R. Benediktsson, lögreglustjóri Suðurnesjum
- Ólafur Emilsson, aðst. yfirlögregluþjónn höfuðborgarsvæðinu
- Ólafur Þór Hauksson, lögreglustjóri Akranesi

*Þeir fengu afhent gullmerki ÍSL fyrir stuðning við íþróttir lögreglumanna*

- Pétur St. Jóhannesson fyrrum stjórnarmaður ÍSL
  *Fyrir störf að íþróttamálum lögreglumanna, langa og farsæla setu í stjórn ÍSL og framkvæmd landsmóta ÍSL í innanhússknattspyrnu og golfi á Akranesi.*
- Þá verður Karli Hermannssyni, yfirlögregluþjóni á Suðurnesjum, afhent gullmerki við tækifæri fyrir störf að íþróttamálum lögreglumanna, hann hefur tekið þátt í landsmótum lögreglumanna í innanhússknattspyrnu, keppt fyrir hönd ÍSL og þjálfað knattspyrnulið ÍSL á Norðurlandamóti 1983.

**Silfurmerki ÍSL:**

- Hjálmar Hallgrímsson og Kristinn Pedersen, fyrir langa og færsæla þátttöku á landsmótum ÍSL í knattspyrnu, keppni fyrir hönd ÍSL í landsliði í knattspyrnu.
- Sigurður Bergmann fyrir keppni fyrir hönd ÍSL á Norðurlanda- og Evrópumótum lögreglumanna í júdó.
- Jón S. Ólason stjórnarmaður ÍSL fyrir stjórnarsetu hjá ÍSL, keppni fyrir hönd ÍSL á Norðurlanda- og Evrópumótum í skotfimi sem og þjálfun skotmanna ÍSL.
- Þá verður Kristjáni Inga Helgasyni, fyrrum stjórnar- og varaformanni ÍSL, afhent silfurmerki við tækifæri fyrir störf að málefnum ÍSL, fyrir setu í stjórn ÍSL og varaformennsku.

**Bronsmerki ÍSL:**

- Halldór Sveinsson (körfuknattleikur),
- Hannes Guðmundsson (knattspyrna),
- Helga M. Gunnarsdóttir (innanhússknattspyrna og handknattleikur),
- Jens Gunnarsson (handknattleikur),
- Jón Kristinn Þórsson (júdó og lögreglufimmtarþraut),
- Jónatan Guðbrandsson (körfuknattleikur),
- Marta Sandholt (innanhússknatttspyrna, handknattleikur og þríþraut),
- Tinna Jóhönnudóttir (innanhússknattspyrna, lögreglufimmtarþraut og handknattleikur)
- Þormóður Egilsson (knattspyrna og handknattleikur) fyrir að hafa leikið fleiri en 10 leiki í hópíþróttum eða tekið þátt í þremur Norðurlanda- og/eða Evrópumótum.

*Þá munu eftirtaldir aðilar, sem ekki gátu mætt, fá ahent bronsmerki ÍSL við tækifæri en það eru þeir:*

- Gunnar Axel Davíðsson (lögreglufimmtarþraut og frjálsar íþróttir),
- Ellert S. Magnússon sem keppt hefur fyrir hönd ÍSL í knattspyrnu og körfuknattleik og þjálfað lið ÍSL í körfuknattleik með góðum árangri.
- Sigurður Halldórsson sem keppt hefur fyrir hönd ÍSL í knattspyrnu og þjálfað lið ÍSL á Norðurlandamótum með góðum árangri.
- Einar Aðalbjörnsson fyrir störf að íþróttamálum lögreglumanna á Keflavíkurflugvelli.









# Mótalisti 2008

| Landsmót: | Umsjón/mótsstaður | dags. |
|---|---|---|
| Golf | Akranes/Leynisvöllur | 07. ágúst |
| Skotfimi | Skotnefnd ÍSL | október |
| Öldungamót innanhússkn | Austurland | október |
| **Norðurlandamót:** | | |
| Ratleikni | Álaborg/Danmörk | 09. – 12. sept. |
| Víðavangshlaup/Frjálsar íþr. | Svíþjóð | |
| **Evrópumót:** | | |
| Handknattleikur kvenna | Noregur | 11. – 16. ágúst |
| Handknattleikur karla | Ungverjaland | 26. 08. – 01. 09. |
| Glíma | Rússland | 24. – 27. október |

PIPAR • SÍA • 81624 • Ljósmynd: Oddur Björnsson



# Ég er barn og komst ekki

Haustið er upphaf skólaársins. Börnin verða um leið afar áberandi meðal gangandi vegfarenda og kröfur um öryggi þeirra aukast til muna. Gangstéttir eru þeirra leið í skólann.
Það er óviðunandi að þau, ásamt fötluðum og fólki með barnavagna, þurfi að fara stóran hluta leiðar sinnar á götunni.



Reykjavíkurborg
Bílastæðasjóður